VESTFIRSKIR VERKTAKAR
Háþrýstiþvottur
Kjarnaborun
Steinsögun
www.vverk.is
Sími: 456 6600

Nýtt og öflugt verkfæri til íbúðakaupa
Greiðslumat á netinu
Lánsumsókn á netinu
Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
Fimmtudagur 25. október 2007 · 43. tbl. · 24. árg.

Fyrirtæki skortir fjárhagslegt bolmagn til frekari útrásar

– rætt við Neil Shiran Þórisson sem hefur komið víða við í atvinnulífinu á norðanverðum Vestfjörðum undanfarin ár. Allt frá því að vera framkvæmdastjóri Vaxtarsamnings Vestfjarða og beituverksmiðju í Súðavík til þess að opna veitingastað á Ísafirði.

Fimm komust lífs af er bát hvolfdi á Fremra Selvatni

Fimm komust lífs af er báti með fjórum konum og einum karlmanni hvolfdi á Fremra Selvatni í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi síðdegis á laugardag. Konurnar komust að sjálfsdáðum í land karlmaðurinn var hætt kominn, en komst síðar að landi. Björgunarsveitir á Vestfjörðum voru kallaðar út sem og þyrla Landhelgisgæslunnar. Þyrlan flutti síðan karlmanninn, Barða Önundarson, til Ísafjarðar þar sem hann var lagður inn á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði til aðhlynningar. Samkvæmt upplýsingum frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, hafði Barði svamlað í vatninu í um klukkustund er hann náði landi.

„Það voru ekki auðveld skrefin sem ég þurfti að taka í burtu, horfandi á hann svamlandi þarna úti, en ég varð að koma mér í hita í bústaðnum. Hinir karlmennirnir stóðu sig ótrúlega vel og hlúðu að honum," sagði Elva Jóhannsdóttir, eiginkona Barða, sem var með honum þegar bátnum hvolfdi. Sjá viðtal við Elvu á baksíðu.

Barði Önundarson, Elva Jóhannsdóttir, Guðrún Karlsdóttir, Hrafnhildur Sörensen og Auður Yngvadóttir björguðust er bát þeirra hvolfdi á Fremra Selvatni í Mjóafirði á laugardag.

Símanúmer Landsbankans á Ísafirði er 410 4156
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Grunnskólinn á Ísafirði.

Ákveðið að ráða Sveinfríði

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ráða Sveinfríði Olgu Veturliðadóttur í starf skólastjóra Grunnskólans á Ísafirði. Sveinfríður Olga var deildarstjóri og aðstoðarskólastjóri í Borgarskóla í Grafarvogi áður en hún hóf störf sem kennari við Grunnskólann á Ísafirði í haust.

Tveir umsækjendur voru um stöðuna en af tveimur mjög hæfum umsækjendum mælti fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar með Sveinfríði í starfið. Einnig sótti Jóna Benediktsdóttir, fyrrum aðstoðarskólastjóri GÍ, um stöðuna. Sveinfríður mun taka við stjórntaumunum í GÍ af Skarphéðni Jónssyni sem er að flytja búferlum til Álftaness. Hann þótti hæfastur af yfir 20 umsækjendum um stöðu forstöðumanns velferðar- og skólaþjónustu á Álftanesi.

– thelma@bb.is

Dagurinn í dag

25. október 2007 – 298. dagur ársins

Þennan dag árið 1947 hófust kvikmyndasýningar í Aust-urbæjarbíói, sem þá var stærsta samkomuhús landsins og rúmaði 787 manns í sæti. Nafni bíósins var síðan breytt í Bióborgin.

Spýtan flytur sig um set

Ísfirska verktakafyrirtækið Spýtan ehf. hefur fært sig um set að Njarðarsundi 2, þar sem tæknifyrirtækið Póls var áður til húsa. „Við erum nýflutt og kunnum vel við okkur enn sem komið er, en við erum enn að koma okkur fyrir“, segir Magnús Jónsson, framkvæmdastjóri Spýtunnar. Góð verkefnastaða er hjá fyrirtækinu sem tekur að sér verk um allt land og var síðasta verk þess þakviðgerð á Alþingishúsinu. „Það er alveg nóg að gera og það er ekkert mál að starfa frá Ísafirði, við förum bara þangað sem verkefnin eru að finna“, segir Magnús. Um 20 manns starfa hjá Spýtunni og var fjölgun starfsmanna ein ástæðan fyrir flutningnum.

Tíminn að renna út fyrir beituverksmiðjuna Aðlöðun

Norsku fjárfestarnir sem hafa undirritað viljayfirlýsingu um aðkomu að beituverksmiðjunni Aðlöðun í Súðavík hafa óskað eftir meiri tíma til að ganga frá sínum málum svo aðkoma þeirra að verksmiðjunni geti orðið að veruleika. „Málið er enn í vinnslu en hins vegar er okkar tími að renna út svo ef ekki verður brugðist við fljótlega gæti veruleikinn orðið sá að við sem stöndum að verksmiðjunni fáum ekki við það ráðið hvað verður. Við vonum þó að við getum klárað þessa fjármögnun svo beituverksmiðjan geti gert það sem hún gerir svo vel, að framleiða góða beitu og þá gætu Norðmenn fengið einkaleyfi á öðrum afurðum hennar erlendis“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

Hópur af norskum fjárfestum auk fulltrúa frá einu öflugasta matvælafyrirtækinu þar í landi komu til landsins fyrir skemmstu til viðræðna og að sögn Ómars var mikill áhugi er af beggja hálfu fyrir þeim kaupum, hins vegar er enn óráðið hvað verður. Starfsemi verksmiðjunnar hefur legið niðri um nokkurt skeið sökum skorts á rekstrarfé, og það munar um minna fyrir Súðavík því verksmiðjan skapar sjö störf miðað við einfalda vakt og tólf störf miðað við tvöfalda vakt. Verksmiðjan framleiðir beitu með nýrri aðferð sem hefur verið þróuð hérlendis, það er beitu sem pakkað er í poka. Hægt er að nota þessa aðferð einnig í matvælaframleiðslu og það eru Norðmennirnir einkum að horfa til. Eigendur verksmiðjunnar hafa einkaleyfi á framleiðsluaðferðinni í um 30 löndum.

Súðavíkurhreppur hefur barist fyrir verksmiðjunni síðan hún var flutt til sveitarfélagsins. Er endurfjármögnun fór fram hjá Aðlöðun vorið 2005 fjárfesti hreppurinn 20 milljónir í fyrirtækinu.

„Þurfum að gera Vestfirði samkeppnishæfa við það besta í heiminum“

Málþing um atvinnumál í Ísafjarðarbæ var haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag með yfirskriftinni „Atvinna fyrir alla“. Alls voru 15 erindi flutt á þinginu og tóku íbúar virkan þátt í umræðum. Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar og fundarstjóri málþingsins, segir að þingið hafi gengið mjög vel og að margar góðar hugmyndir hafi komið fram.

„Ég get ekki annað en verið mjög ánægð. Hér voru flutt erindi sem voru mjög hugvekjandi, og sýna hvaða möguleikar eru í boði til að efla atvinnulífið í Ísafjarðarbæ. Nýsköpun er algjörlega rauði þráðurinn á þessu málþingi. Við komumst ekkert áfram nema að koma með hugmyndir og koma þeim í framkvæmd. Það er enginn skortur á hugmyndum, en það er kannski stuðningskerfið og fjármagnið sem þarf að efla. Það stendur auðvitað uppúr að ennþá eru samgöngumálin að hamla okkur í atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum sem gerir það að verkum að við erum ekki samkeppnishæf við önnur svæði. Það stendur til bóta og það hafa orðið miklar framfarir á sviði samgöngu- og fjarskiptamála undanfarin misseri.“

Málþingið sem var haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði var vel sótt.

Birna segir að allt efni þingsins verði nú tekið saman og að það verði aðgengilegt á heimasíðu Ísafjarðarbæjar innan tíðar. „Við munum nú taka allt efni þingsins saman, það verður svo aðgengilegt á heimasíðu Ísafjarðarbæjar innan tíðar. Við komum til með að nota þetta inn í atvinnumálanefnd. Þær hugmyndir sem eiga heima á breiðari vetfangi fara til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Þróunarseturs Vestfjarða. Ég held að þetta málþing segi okkur það að við erum á réttri leið og að við eigum að halda áfram á þessari braut. Allt snýst þetta um að gera Vestfirði samkeppnishæfa við það besta sem gerist í heiminum, við eigum ekkert að sætta okkur við minna.“

„Markmiðið er að gera þjónustu bæjarins betri við bæjarbúa“

Í nýju stjórnskipulagi Ísafjarðarbæjar kemur fram að sett verði á laggirnar þjónustuver sem hefur það að markmiði að hraða afgreiðslu mála og bæta þjónustu við íbúa. Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, segir að starfsmönnum bæjarins komi ekki til með að fjölga við stofnun þjónustuversins heldur muni núverandi starfsmenn verða við störf í verinu eftir því sem við á, að hluta til eða í fullu starfi eftir aðstæðum.

„Í dag erum við að reka nokkurs konar þjónustuver sem er skiptiborðið á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Hugmyndin er að íbúar geti komið og fengið alla þjónustu á einum stað, hvort sem það er upplýsingar um dagvistun, teikningar, panta tíma hjá bæjarstjóra eða hvað sem er. Ráðinn verður mannauðastjóri og þetta verður útfært betur í samstarfi við hann.

Við erum að byrja þetta, þetta tekur allan þann tíma sem nauðsynlegur er til að gera þetta vel. Markmiðið með þessu er að gera stjórnsýsluna og þjónustu bæjarins við íbúa skilvirkari. Þetta miðar allt að því að þjónustan verði betri,“ segir Birna.

– gunnaratli@bb.is

Sett verður á laggirnar þjónustuver hjá Ísafjarðarbæ með það að markmiði að hraða afgreiðslu mála og bæta þjónustu við íbúa.

Menntaskólinn á Ísafirði er eini menntaskólinn á Vestfjörðum.

Vestfirskum stúdentum fjölgar

Hátt á sjöunda tug stúdenta útskrifuðust frá Vestfjörðum skólaárið 2005-2006 og er það mesti fjöldi í áratug fyrir utan metárið 2004-2005 þegar vestfirskir stúdentar voru 85 talsins. Skólaárið 1995-1996 útskrifuðust 42 stúdentar og hefur þeim farið fjölgandi með ári hverju. Af stúdentunum sem útskrifuðust 2005-2006 voru 25 karlmenn á móti 43 konum en hlutfall þeirra var einnig hærra áratugi fyrr, eða 24 konur á móti 18 körlum. Brautskráðir framhaldsskólanemar skólaárið 2005-2006 voru 140, eða 59 karlar og 81 kona, sem er heldur minna en árið á undan þegar þeir voru 155 talsins. Tala brautskráðra framhaldsskólanema hefur sveiflast töluvert undanfarin áratug en þeir voru 115 skólaárið 1995-1996, 134 árið eftir en einungis 97 árið eftir það. Þá fjölgar þeim aftur frá 1999, úr 100 í 155 og mest síðasta árið eða um 32.Brautskráðir nemendur á háskólastigi á Vestfjörðum voru 65 skólaárið 2005-2006 en voru 61 árið áður og hafði þeim þá fjölgað um 10 milli ára. Skólaárið 1995-1996 voru þeir 36 talsins, en fæstir voru þeir á tímabilinu 1999-2000 eða einungis 14. Eftir það fjölgar þeim stöðugt og örugglega til 2005.

„Fjármagn til jarðhitaleitar í Súðavík góð mótvægisaðgerð“

Súðavíkurhreppur hefur óskað eftir því við stjórnvöld að þau einbeiti sér að því að gera jarðhitaleit í Súðavík mögulega, annað hvort með beinni aðkomu í gegnum fjárlaganefnd Alþingis vegna fjárlagaársins 2008 eða með beinni tengingu við það fjármagn sem eyrnamerkt hefur verið til jarðhitaleitar á Vestfjörðum, samanber yfirlýsingu iðnaðarráðherra á Ísafirði 4. október sl.

„Í þeirri stöðu sem vestfirskt atvinnulíf er í og hefur verið til margra ára, er aukið fjármagn til jarðhitaleitar mjög mikilvægur þáttur og góð mótvægisaðgerð og gæti auk annarra aðgerða gjörbreytt þeim möguleikum sem til staðar eru fyrir atvinnulíf á svæðinu og skiptir tíminn þar miklu máli“, segir í bréfi Súðavíkurhrepps til fjárlaganefndar Alþingis. Súðavíkurhreppur óskar eftir því að honum verði tryggt fjármagn vegna kostnaðar við hitastigulsholurnar sem gerðar voru á árinu 2006 og einnig verði tryggt fjármagn til jarðhitaleitunar á árinu 2008.

Í bréfi hreppsins segir ennfremur: „Súðavíkurhreppur lét bora tíu tilraunaholur á árinu 2006 í Álftafirði. Verkefnið var unnið í umsjón Hauks Jóhannessonar starfsmanns ÍSOR. Undanfari þess voru m.a. eftir nokkur samtöl við starfsmenn Orkustofnunar í lok árs 2005 og í byrjun árs 2006. Í samráði við starfsmenn Orkustofnunar var ákveðið að Súðavíkurhreppur mundi sækja um styrk til Orkusjóðs um 50% fjármögnun leitunarinnar. Auk þess var samið við Orkubú Vestfjarða um aðkomu að verkefninu. Uppstillingin var að Súðavíkurhreppur mundi greiða 25%, Orkubú Vestfjarða 25% og Orkusjóður 50% af kostnaði við verkið.

Fengið var tilboð í verkið og í framhaldi samið við Ræktunarsamband Flóa og skeiða og hljóðaði kostnaðaráætlunin upp á 10 milljónir króna. Tíu hitastigulsholur voru boraðar í botni Álftafjarðar sumarið 2006. Kostnaðurinn við verkið var greiddur af Súðavíkurhrepp og Orkubúi Vestfjarða, tæpar 10 milljónir króna. Í janúar 2007



Súðavík.

var gefin út skýrsla af Hauki Jóhannessyni starfsmanni ÍSOR með niðurstöðum vegna hitastigulsholanna. Niðurstöðurnar lofuðu góðu um að heitt vatn væri að finna í Álftafirði og jafnframt var í skýrslunni lagt til að sumarið 2008 yrðu boraðar tvær til þrjár viðbótarholur til að sannreyna að heitt vatn væri að finna og til að ákveða staðsetningu aðalholunnar sem mundi verða virkjuð.

Í undirbúningi var að bora tvær til þrjár holur nú í haust og í sumar var komin verktaki sem gat farið í verkefnið í haust. Frá maí, árið 2006 hefur undirritaður verið reglulega í sambandi með tölupósti og símtölum við starfsmenn Orkustofnunar þar sem var verið að ýta á eftir niðurstöðu vegna umsóknar Súðavíkurhrepps um fjármagn til móts við framlag Súðavíkurhrepps og Orkubús Vestfjarða. Undanfarna mánuði hafa starfsmenn Orkustofnunar verið mjög varfærnir um hvort eða hvenær Súðavíkurhreppur muni fá það framlag sem sótt hafi verið um til jarðhitaleitunar sumarið 2006. Það sé óljóst eins og staðan er nú.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fór yfir stöðuna í sumar og þar sem óljóst er hvort Orkusjóður muni koma að verkefninu eða ekki var ákveðið að fresta frekari jarðhitaleit í Álftafirði sem áætlaðar voru haustið 2007. Má því segja að verkefnið um að finna heitt vatn í Álftafirði sé í uppnámi þar sem algjörlega er óljóst hvort Orkusjóður muni koma að verkefninu eða ekki, en ljóst er að Súðavíkurhreppur sér, sér ekki fært um að fjármagna verkefnið alfarið á sinn kostnað.“

„Ætli eitthvað fari að gerast í samskiptum ríkis og sveitarfélaga“

Ekki gengur að Reykjavíkurborg kljúfi sig úr samstöðu sveitarfélaga með því að greiða sínum launamönnum bónusa og hærri laun en samningar segja til um, segir Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík, á bloggsíðu sinni þar sem hann fjallar um ákvörðun Reykjavíkurborgar um að setja tæpar 800 milljónir í að leysa mannekluvanda borgarinnar.

„Reykjavíkurborg ætlar sér að laða fólk til starfa með 800 milljón króna aukaframlagi til svokallaðra ummönnunarstétta á þessu og næsta ári. Það er gott að verðlauna eigi fólk sem hefur hvað lægst launin en bera hvað þyngsta bagga. Hins vegar er óskiljanlegt að við skulum yfir höfuð vera í þessari stöðu. Það er almennt viðurkennt að Ísland sé með ríkustu þjóðum heimsins. Síðustu ár hefur efnahagur þjóðarinnar og þjóðarbúsins margfaldast. Þessum peningum hefur hins vegar að litlu leyti verið komið fyrir hjá ummönnunarstéttum og láglaunafólki almennt. 60 milljarða tekjuafgangur ríkisins í ár og í kringum 40 milljarðar á næsta ári ættu ekki að tefja fyrir þessum leiðréttingum“, segir á bloggsíðu Gríms.

Grímur Atlason.

„Skattar landsbyggðarinnar hafa um langt árabil runnið í sameiginlega sjóði sem er ekkert athugavert við. Hins vegar er það athugavert að peningarnir hafi ekki komið til baka og nýtast því ekki til uppbyggingar þar sem þeirra er þörf. Það er rökleysa að tala um að húsnæði sé dýrara í Reykjavík og því þurfi borgarbúar að hafa hærri laun en aðrir landsmenn - það eru mun fleiri hliðar á því máli. Við getum talað um samgöngur, verðlag, þjónustu og annað. Kennari á Raufarhöfn mun ekki sætta sig við það fá 20% lægri laun en kollegi hans í Reykjavík - og þá skiptir engu hvað húsnæðisverðið í Reykjavík er hægt.“

Ekki sitja önnur sveitarfélög við sama borð og höfuðborgin eins og Grímur bendir á. „Ríkið hefur dregið lappirnar í samningum um tekjuskiptingu við sveitarfélögin. Þenslusveitarfélag eins og Reykjavík fer létt með að reiða fram 800 milljónir sem skila sér í bættum anda meðal þeirra starfsmanna. Reykjavík fór líka létt með að hækka launin hjá leiðbeinendum á leikskólum borgarinnar. En vandinn er að önnur sveitarfélög þurfa að fylgja Reykjavík eftir í hóp ætli þau ekki að dragast aftur úr.

Ætli eitthvað fari að gerast í samskiptum ríkis og sveitarfélaga?“, segir á bloggsíðu bæjarstjórans.

– thelma@bb.is

Nördar nútímans eru töff

Halldór Smárason er sonur Smára Haraldssonar og Helgu Friðriksdóttur á Ísafirði. Hann ætti að vera flestur bæjarbúum kunnugur en þrátt fyrir ungan aldur er hann virkur þátttakandi í tónlistarlífi bæjarins og hefur getið sér gott orð fyrir góða frammistöðu í spurningakeppnum. Hann hefur verið liðsmaður í Gettu betur liði Menntaskólans á Ísafirði tvö ár í röð og verður einn af fulltrúum Ísafjarðarbæjar í Spurningakeppni sveitarfélaganna. Bæjarins besta spjallaði við Halldór um tónlistina, spurningakeppnina og hvernig það er að vera ungur maður á Ísafirði í dag.

– Nú ert þú undirleikari í Gospelkór Vestfjarða. Hvernig kom það til?

„Þetta kom nú bara þannig til að Pálína Vagnsdóttir, þáverandi kórstjóri, hafði samband við mig og bauð mér að vera undirleikari hjá þeim. Nú hef ég verið undirleikari þar í þrjú ár og kann alveg ótrúlega vel við mig þar. Ég hef lært alveg óhemju mikið af þessu tónlistarlega séð, aðallega vegna þess hvað þetta er fjölbreytt tónlist sem við spilum, ekki eitthvað sem að maður væri annars að spila held ég. Ég er búinn að ná miklum framförum undanfarin ár í tónlistinni og ég efast ekki um að Gospelkórinn eigi sinn þátt í því.“

– Þú ert einnig hljómborðsleikari í hljómsveitinni Apollo. Hvað er að frétta af ykkur?

„Við höfum verið að spila af og til síðustu misserin. Það skemmtilegasta við Apollo er auðvitað félagsskapurinn. Við erum allir bestu vinir og höfum verið það í mörg ár. Við höfum farið nokkrum sinnum út á land að spila fyrir mikið af fólki og það er eitt það skemmtilegasta sem við gerum. Það er engin vafi á því að við verðum að spila meira á næstunni og ég vona bara að fólk hafi samband. Við tökum allt að okkur, tónleika, dansleiki, brúðkaup og bara alla viðburði eiginlega, svo lengi sem við höfum tíma til þess.“

– Hvenær byrjaðir þú að læra á píanó?

„Ég er að læra á píanó í Tónlistarskólanum á Ísafirði og hef verið þar undanfarin 11 ár að undanskildu hálfu ári er ég bjó í Skotlandi. Sá tími gaf mér mjög mikið, þá lærði ég að spila eftir eyranu og það hefur hjálpað mér alveg rosalega mikið í gegnum tíðina. Ég er komin á sjöunda stig í tónlistarskólanum og ég stefni að því að klára áttunda stig sem er jafnframt framhaldsskólapróf eftir tvö ár. Ég er einnig að læra tónheyrn og tónfræði sem eru hliðargreinar. Ef ég hefði ekki byrjað í tónlistarskólanum á sínum tíma þá væri ég líklegast ekki viðriðinn tónlist í dag. Ég hef verið mjög heppinn með kennara og á ég þeim margt að þakka. Sérstaklega Björk og Siggu.“

– Hvenær bjóst þú í Skotlandi? Var það góður tími?

„Ég flutti með pabba til Skotlands í janúar 2001, síðan komu mamma og Diddi bróðir (Friðrik Hagalín). Við bjuggum þar í sex mánuði á meðan pabbi var í námi. Þegar ég frétti að til stæði að flytja þangað þá var ég á þvílíku mótþróarskeiði svo mér leist ekkert á það. En síðan eftir nokkrar vikur var ég bara hæstánægður, en það var nú samt frábært að komast heim - ég er mjög heimakær. Ég veit nú ekki hvernig dvölin var fyrir Didda bróðir, hann var 18 ára og það var spilað bridds tvisvar í viku. Þetta var stundum eins og á elliheimili en dvölin var mjög góð.“

– Nú hefur þú verið í Gettu betur liði Menntaskólans á Ísafirði undanfarin tvö ár. Fáum við að sjá MÍ í sjónvarpinu í ár?

„Við jöfnuðum met Menntaskólans í síðustu keppni með því að komast í aðra umferð eftir 20-2 sigur á Iðnskóla Hafnarfjarðar. Í annarri umferð mættum við Verslunarskóla Íslands sem er klárlega eitt af sterkari liðunum í Gettu betur. Það var auðvitað viss óheppni að mæta svo sterku liði svona snemma. En auðvitað er markmiðið að komast í sjónvarpið, ekki spurning. Við stefnum að sjálfsögðu að því að komast í þriðju umferð annaðhvort í ár eða á því næsta, og þar að leiðandi í sjónvarpið.“

– Hvernig veljið þið þá þrjá sem komast í Gettu betur lið MÍ?

„Undanfarin ár hafa verið haldin próf í nóvember að mig minnir sem allir mega taka þátt í. Þeir þrír sem skora hæst á þeim prófum eru svo fulltrúar MÍ í Gettu betur. Í ár erum við með nýtt og mjög spennandi fyrirkomulag. Það er forkeppni sem haldin er í skólanum og fer fram á þriðjudagskvöldum í október, hún er í fullum gangi núna. Þetta þýðir að við verðum komin með lið fyrr en áður sem gefur þeim þremur sem verða fulltrúar okkar mun meiri tíma til að æfa. Eftir forkeppnina mun svo dómnefnd velja þá þrjá færustu og þeir fara fyrir hönd MÍ í Gettu betur í ár.“

– Ekki nóg með það að þú ert að taka þátt í þessari forkeppni, þú verður einn af þrem fulltrúum Ísafjarðarbæjar í Spurningakeppni sveitarfélagana. Hvernig kom það til?

„Ég var staddur úti í Grikklandi í sumar þegar Ingi Þór Ágústsson, formaður menningarmálanefndar, hringdi í mig og bauð mér að taka þátt í þessu. Ég var búinn að sjá að það stæði til að setja upp svona keppni og hugsaði þá með mér hvað það væri gaman að taka þátt í þessu. Það er auðvitað mikill heiður að fá að taka þátt fyrir hönd sveitarfélagsins í svona keppni, þó hún sé kannski meira á léttu nótunum. Auk mín eru Ólína Þorvarðardóttir og Ragnhildur Sverrisdóttir í liðinu. Við erum búin að vera í sam-bandi og erum vel stefnd í keppnina. Við ætlum að gera bæjarbúa stolta, engin spurning. Keppnin er hafin en við keppum fyrst 16. nóvember á móti Reykjanes-bæ.“

– En þú ert ekki bara virkur þátttakandi í spurningakeppnum, er það rétt að þú hafir staðið fyrir slíkri og það ungur að aldri?

„Ég var nú að vona að við gætum forðast þetta, en jæja ok“, segir Halldór og hlær. „Þegar að ég var 10 ára þá var ég alltaf með spurningakeppni heima á laugardagskvöldum sem hét Gettu í vetur. Gylfi Ólafsson, Kristinn Orri Hjaltason og fleiri góðkunningjar bróður míns komu í heimsókn, mamma bakaði og þetta var þrusu stemmning. Þessi keppni var í gangi í fimm ár. Þá byrjaði ég að semja spurningar og þar kviknaði kannski þessi Gettu betur baktería í manni.“

– Mér skilst að þegar að þú varst yngri hafir þú verið með lista sem þú kallaðir svarta listann. Segðu mér aðeins frá því?

„Þetta er nú ekkert merkilegt. Þegar að ég var 5 ára gamall, þá gerði ég það að leik mínum að skrifa niður á blað alla þá sem reyktu, ef ég sá einhvern reykja þá fór hann strax á listann. Um 12 ára aldurinn, í kringum stofnun Apollo, samdi ég síðan lag sem ég hét „Ekki reykja“, en það var ca. þremur árum eftir að ég hætti með þennan blessaða lista. Ég er nú ekkert sérlega stoltur af þessu í dag, og þó, ég er viss um að Þorgrímur Þráinsson sé ánægður með mig. Maður var vel alinn upp skal ég segja þér.“

– Ertu nörd Halldór?

„Nei, nei, ég er ekkert nörd. Að minnsta kosti ekki samkvæmt orðabókinni, þar sem ég á marga góða vini. En sú merking á orðinu nörd sem er á lofti í dag tel ég hins vegar jákvæða. Ég skal glaður vera kallaður nörd í þeirri merkingu, þar sem nördar nútímans eru töff.“

– Hvað með háskólanám Halldór, hefur þú ákveðið hvað þú munt læra í framtíðinni ?

„Ég hef ekki hugmynd um það, ætla að leyfa örlögunum að ráða því. Eina sem ég veit er að ég ætla að halda áfram í tónlistinni, á hvaða braut veit ég ekki. Það kemur margt til greina. Ég hef bæði áhuga á sagnfræði og raungreinum sem slíkum. Ég er á náttúrufræðibraut í Menntaskólanum á Ísafirði, það er mjög opið nám að því leyti að það heldur öllum möguleikum opnum. Ég vil jafnvel fara til útlanda og læra, það heillar mig mikið.“

– Hvernig finnst þér að búa á Ísafirði? Er þetta góður staður fyrir 18 ára spurningakeppnisgúru?

„Ísafjörður er frábær staður. Maður hefur nú kannski ekki upplifað margt annað en ég hef ekkert nema góðar minningar héðan og þetta er frábær staður til að alast upp á. Gott að búa á hótel mömmu skal ég segja þér. Það væri örugglega gott að búa hér í framtíðinni, vonandi snýst þessi neikvæða þróun við og að það verði uppgangur í atvinnulífi og byggðin styrkist. Eitt það besta við Ísafjörð er menningin og listalífið, það er töff að vera frá Ísafirði og ég er mjög stoltur af því.“

– gunnaratli@bb.is

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 25. okt. - 28. okt.

999 kr/kg
Verð áður 1.451 kr/kg
31% afsláttur
Bayonne-skinka

1.419 kr/kg
Verð áður 1.898 kr/kg
25% afsláttur
GOURMET Lamb
Lambalæri villikryddað



329 kr/kg
Verð áður 449 kr/kg
26% afsláttur
GOÐI
Ódýrt saltkjöt

234 kr/kg
Verð áður 360 kr/kg
35% afsláttur
Hvítlauks-kryddaðir kjúklingavængir

149 kr
Verð áður 234 kr
Hunt's tómatssósa



799 kr/kg
Verð áður 979 kr/kg
20% afsláttur
Kalkúnn

Náttúru súpukjöts grænmetisbakki fylgir með hverjum poka af frosnu súpukjöti

GOÐI
Lamba súpukjöt

89 kr
Verð áður 139 kr
Ballerina kremkex

279 kr/kg
Verð áður 379 kr/kg
Kínakál íslenskt

299 kr/kg
Verð áður 379 kr/kg
Blá vínber

Samkaup úrval

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd

Verð birt með fyrirvara um prentvillur • Tilboðin gilda 25. okt. - 28. okt. • *Á eingöngu við þar sem fersk kjötborð eru á staðnum

Matthías valinn efnilegastur

Ísfirski knattspyrnukappinn Matthías Vilhjálmsson var valinn efnilegasti leikmaðurinn í Landsbankadeild karla árið 2007 á lokahófi Knattspyrnusambands Íslands á föstudag. „Ég verð að viðurkenna að ég vissi að ég ætti möguleika, ég er mjög sáttur við þessa viðurkenningu.“, sagði Matthías í samtali við vefsíðuna fotbolti.net. Matthíasi hefur gengið vel með FH í sumar en liðið tapaði Íslandsmeistaratitlinum í síðustu tveimur umferðunum. „Tímabilið er ekkert vonbrigði. Það eru alltaf vonbrigði að vinna ekki þann stóra en við komum bara til baka á næsta tímabili“ Frá því var greint á bb.is í sumar að Matthías væri undir smásjánni hjá norska úrvalsdeildarliðinu Odd Grenland. „Það er einhver áhugi hjá erlendum liðum, ég var núna með landsliðinu en gæti farið eitthvað á reynslu í nóvember,“ sagði Matthías í samtali við fotbolti.net

Ritstjórnargrein

Hverra er valdið og ábyrgðin?

Þegar þingmenn lenda í varnarstöðu eiga þeir það stundum til að benda á embættismenn sem þröskulda fyrir því að illa hafi gengið að þoka hagsmunamálum kjósenda áleiðis. Í stuttu máli: Þeir ráði bara ekkert við embættismennina! Þeir helgi sér bæjarhlaðið af misskilinni húsbónda hollustu.

Meint valdsvið embættismanna, sem að öllu jöfnu eru kvaddir til starfa af kjörnum fulltrúum almennings svo sem alþingis- og sveitarstjórnarmönnum, hefur heldur betur verið í umræðunni í kjölfar átaka sem leiddu til skilnaðar innan borgarstjórnar Reykjavíkur, nokkuð sem engum hefði til hugar komið ef horft er til faðmlaga á vordögum fyrra árs.

„Á sama tíma sátu nokkrir lykilstjórnendur Orkuveitunnar (Reykjavíkur) með eigin kaupréttarsamning í rassvasanum, voru búnir að semja um 20 ára afnot af auðlindum Orkuveitunnar, en sáu enga ástæðu til að greina okkur, umbjóðendum eigenda, frá því né svo mörgu öðru sem síðar kom í ljós.“ (Tilvitnun í viðtal við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, borgarfulltrúa í Reykjavík, í blaðinu 24 stundir, á laugardaginn, eftir að hún hafði lýst tilraunum borgarfulltrúa til að fá ýtarlegar upplýsingar um hvað var í pípunum varðandi mál Orkuveitunnar.)

Bæjarins besta ætlar sér ekki þá dul að fara með einum eða öðrum hætti að tjá sig um málefni Orkuveitu Reykjavíkur. Fram hjá þeim orðum borgarfulltrúans, um vinnubrögð lykilstjórnenda fyrirtækisins, er hún segir, „okkur (borgarfulltrúum) var sagt að við stæðum frammi fyrir orðnum hlut,“ verður ekki skautað. Í þeim felst ótvíræð yfirlýsing þeirra sem borgarfulltrúinn kallar „lykilmenn“ um að þeir geti að eigin geðþótta ráðskast með fyrirtæki í eigu sveitarfélaga (almennings) og kjörnum fulltrúm komi það ekkert við. Þeir geti, ef þeim sýnist svo, rétt upp hendi til samþykkis! Þessu hljóta flestir að vera ósammála og þess vegna er málið gert hér að umtalsefni. Það er eitthvað meira en lítið bogið við stjórnskipunina ef kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar hafa ekkert með það að gera hvað nefndir, eða stjórnir á þeirra vegum, taka sér fyrir hendur. Gera sveitarstjórnarlögin virkilega ráð fyrir slíku sjálfteknu valdsviði einstakra nefnda eða stjórna fyrirtækja? Hverra er ábyrgðin við slíkar kringumstæður? Ef til vill hin klassíska afstaða: Ekki benda á mig?

Auðlindir landsins eiga að vera í þjóðareign Færum ekki fáeinum útvöldum drykkjarvatnið í kristalglösum líkt og við færðum hluta þjóðarinnar fiskinn á silfurfati. Innleiðum ekki fleiri gjafakvótakerfi. Gefum ekki frá okkur auðlindir í iðrum jarðar; þær og orkufyrirtækin eru og eiga að vera þjóðareign.

Við höfum næg önnur deiluefni til dægrastyttingar.

s.h.

Á þessum degi fyrir 38 árum

Skráning á nýjum regundum fyrir Ísland

Það er geysimikið líf við Surtsey og fer hratt vaxandi. Tegunda fjöldi dýranna á lágsævi við eyna tvöfaldaðist til dæmis frá sumrinu 1967 til sumarsins 1968, segir Aðalsteinn Sigurðsson, fiskifræðingur, sem undafarin ár hefur verið að rannsaka dýralíf í fjöru og á grunnu vatni í hlíðunum út frá Surtsey. Og þegar við förum að inna hann nánar eftir þessu, kemur í ljós að nokkrar tegundanna við Surtsey hafa ekki fyrr komist á skrá yfir lágsjávardýr, sem lifa hér við Suðurland. Og margar tegundir frá eyjunum í kring eru óskráðar sem ábúendur við Ísland. En það vill Aðalsteinn þó ekki telja neina sönnun um landnám. Skýringin sé líklega fremur ónógar athuganir á dýralífinu í sjónum við strendur Íslands en að þarna séu nýjar tegundir að nema hér land.

„Það er skemmtilegt að fylgjast með því hvernig líf sest að í sjónum í hlíðum þessarar nýju eyjar“, segir Aðalsteinn, „vegna þess að það sest að þarna í svo rökréttu samhengi. Fyrst koma dýr, sem lifa á svifinu í sjónum, fljótlega á eftir fastsitjandi plöntur og síðan dýr, sem lifa á þessu hvoru tveggja, eins og t.d. krossfiskar, naktir sniglar og fjölmargar tegundir.“

Frá fundinum í Edinborgarhúsinu. Frá vinstri: Einar Ólafsson, Úlfar Ágústsson og Halldór Halldórsson.

Þarf víðtækari markaðssetningu í kringum Eyrarkláf

Hugmyndir að fyrirhuguðum Eyrarkláfi og markaðssetningu í kringum hann voru kynntar á blaðamannafundi í Edinborgarhúsinu í síðustu viku. „Við undirbúning kapalferjunnar hefur mér verið ráðlagt að hafa samband við erlenda ráðgjafa til að fara út í víðtækari rannsóknir á markaðssetningu í kringum kláfinn sem myndu væntanlega leiða til þess að þörf væri á meira ferðamannaaðdráttarafli“, segir Úlfar Ágústsson, einn hugmyndasmiðanna sem stóð fyrir fundinum ásamt Einar Ólafssyni, arkitekt, og Halldór Halldórssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar.

Á fundinum voru lagðar fram hugmyndir Einars Ólafssonar að ráðstefnu- og spahóteli á Gleiðarhjalla auk þess sem drög að Torfensreit voru lögð fram þar sem á að koma stórt ráðstefnuhótel, skemmtibátahöfn ásamt sundlaug og fleiri mannvirkjum. „Hugmyndirnar spinnast í kringum kapalferjuna en samkvæmt viðræðum mínum við verktaka og ráðgjafa væri ekki ráðlagt að ráðast í gerð Eyrarkláfsins eins og sér heldur væri hægt að skapa mjög stórt dæmi í kringum hana. Þarna er verið að tala um tugi ef ekki hundruð starfa sem myndu skapast.

Ef það á að gera Ísafjarðarbæ að ferðamannabæ þarf að huga að mörgum sviðum því allt helst þetta í hendur. En það þarf að fá hendurnar til þess að hreyfast og taka saman svo eitthvað gerist“, segir Úlfar. *– thelma@bb.is*

Aflaverðmæti rúmir 2,5 milljarðar fyrstu sex mánuði ársins

Aflaverðmæti vestfirskra skipa nam rúmum 2,5 milljörðum króna á fyrstu sjö mánuði ársins samanborið við rúma 2,46 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Aukning aflaverðmætis á tímabilinu nemur því um 3,9%. Samanlagt verðmæti sjávarafla á Íslandi frá janúar til júlí var um 51,87 milljarðar króna og er verðmæti vestfirsks afla er 4,7% af því. Ef aðeins er litið til júlí mánaðar var aflaverðmæti á Vestfjörðum 145,8 milljónir á móti 297,8 milljónum í sama mánuði á síðasta ári.

Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Þar segir einnig að upplýsingar þessar byggja á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem Fiskistofa safnar frá fiskkaupendum. Fyrir árið 2007 er stuðst við bráðabirgðatölur en endanlegar tölur liggja að baki talna fyrir árið 2006. Athuganir benda til þess að endanlegar tölur séu að hámarki 1-2% hærri en bráðabirgðatölur þegar á heildina er litið en fyrir örfáar fisktegundir getur munurinn þó orðið meiri.

– gunnaratli@bb.is

Nýjung fyrir leigjendur og leigusala

Fasteignasala Vestfjarða á Ísafirði býður nú upp á þá nýjung að auglýsa eignir til leigu í gegnum vefsíðu fasteignasölunnar auk þess sem aðilar geta óskað eftir húsnæði til leigu á sama stað.

„Síðustu mánuði hefur fjöldi fólks hringt í okkur og spurt um leiguhúsnæði, enda virðist vera ágætis markaður fyrir leiguhúsnæði hér og í nágrenninu. Við ákváðum því að setja upp auglýsingasvæði á vefinn okkar fyrir þessa aðila, bæði þá sem eru að leita sér að húsnæði til leigu sem og þá sem hafa húsnæði til leigu. Vefurinn er vel sóttur af Vestfirðingum og öðrum landsmönnum og fá því aðilar sem skrá sig þar góða auglýsingu. Við getum einnig veitt ráðgjöf og aðstoðað við gerð samninga sé þess óskað og þá í samráði við lögmann“, segir Guðmundur Óli Tryggvason, fasteignasali.

Fasteignasala Vestfjarða var stofnuð í febrúar 2006 en hún er byggð á grunni lögfræðiskrifstofu Tryggva Guðmundssonar, en hann hefur rekið fasteignasölu samhliða lögmannsstörfum síðastliðna þrjá áratugi. *– thelma@bb.is*

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is og* Gunnar Atli Gunnarsson, sími 847 0009, *gunnaratli@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*
Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk.
Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ·
Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

vodafone

Frelsi fyrir alla

GSM vinur
Þeir sem fylla rafrænt á Frelsið sitt fyrir 500 kr. eða meira, fá GSM vin hjá Vodafone í 30 daga. Vinir geta talað saman í **60 mín.** og sent **30 SMS** á sólarhring fyrir **0 kr.**

Hver hringdi?
Ný þjónusta sem gerir viðskiptavinum kleift að fá upplýsingar (SMS) um þá sem reyna að hringja þegar slökkt er á símanum, hann utan þjónustusvæðis eða á tali. **Aðeins hjá Vodafone.**

Stöðumælir
Vodafone veitir upplýsingar um inneignina sjálfkrafa eða eftir því sem þér hentar. Þú slærð inn **•120 #** til að fá upplýsingar um inneignina. **Aðeins hjá Vodafone.**

Kynntu þér nýjustu tilboð okkar hjá **Pólnum**, umboðsaðila Vodafone á Ísafirði.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

PÓLLINN

Y U I O P

10

2000

ÁRELÍ

Eftirlitslaust unglingasamkvæmi

Aðfaranótt sunnudags höfðu lögreglumenn afskipti af eftirlitslausu unglingasamkvæmi á Ísafirði og var nokkrum ungmennum í framhaldinu komið í hendur forráðamanna. Þetta er meðal þess sem kemur fram í dagbók lögreglunnar á Vestfjörðum. Fimm umferðaróhöpp voru tilkynnt Lögreglunni á Vestfjörðum í síðustu viku. Á mánudag missti ökumaður stjórn á bifreið sinni í hálku á Óshlíðarvegi við Krossinn. Bifreiðin hafnaði á grjótvörnum ofan við veginn og skemmdist mikið en ekki urðu slys á ökumanni eða farþegum. Þann sama dag fór bifreið úr af veginum í Breiðadal í Önundarfirði vegna hálku. Svipað atvik varð á Kambsnesi í Álftafirði á föstudeginum. Báðar þessar bifreiðar náðust aftur lítið skemmdar upp á veg og engin slys urðu á fólki.

Sameiginlegur fundur

Bæjarstjóranum í Bolungarvík hefur verið falið að boða til sameiginlegs fundar bæjarráða Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar auk þriggja fulltrúa úr sveitarstjórn Súðavíkur. Á fundinum á að ræða sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna, uppbyggingu þjónustu sveitarfélaganna auk þess framtíðar hugmyndir verða kynntar. Stefnt er að því að fundurinn verði haldinn 29. október í Ráðhúsi Bolungarvíkur.

Styrkir til atvinnusköpunar

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða auglýsir á heimasíðu sinni styrki frá iðnaðarráðuneytinu til verkefnisins Átak til atvinnusköpunar. Veittir eru styrkir til tvenns konar verkefna, annars vegar til verkefna sem eru á forstigi nýsköpunar og falla ekki undir verksvið annarra sem veita sambærilega fyrirgreiðslu, og hins vegar til verkefna sem eru skilgreind sem sérstök átaksverkefni ráðuneytisins. Umsóknafrestur er til 3. nóvember. Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnis. Ekki er veittur styrkur til fjárfestinga.

Umsóknir eru metnar af stjórn Átaks til atvinnusköpunar sem skipuð er af iðnaðarráðherra. Matið byggist eingöngu á þeim gögnum sem umsækjandi leggur fram og er þá miðað við nokkra þætti, þ.á.m. hvort markmið verkefnisins séu skýr, hvort verkefnið feli í sér nýjung sem getur verið atvinnuskapandi, hvort áætlanir um markaðssetningu séu líklegar til árangurs, hvort kostnaðaráætlun sé trúverðug og að stuðningur Átaks til atvinnusköpunar sé líklegur til að skila árangri. Verkefnið má ekki hafa fengið opinbera styrki sem eru yfir vissum viðmiðum Evrópusambandsins.

Þeir sem fá styrk frá Átaki til atvinnusköpunar þurfa að skila áfangaskýrslu og lokaskýrslu til Impru – nýsköpunarstöðvar á Iðntæknistofnun. Styrkurinn verður greiddur út eftir framvindu verkefnisins. Helmingur verður greiddur þegar áfangaskýrsla liggur fyrir og síðari helmingurinn þegar lokaskýrslu hefur verið skilað til Impru. Ef áfangaskýrslu hefur ekki verið skilað innan sex mánaða eftir að styrkveiting liggur fyrir, fellur styrkurinn sjálfkrafa niður.

Nánari upplýsingar um styrkina má finna á vefsíðu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

– gunnaratli@bb.is

Fulltrúar Rauða kross Íslands á Vestfjörðum og sparisjóðanna tveggja við afhendingu styrksins.

Færðu Rauða krossinum þriggja milljóna króna styrk

Sparisjóður Bolungarvíkur og Sparisjóður Vestfirðinga hafa sameinast um að vera bakhjarlar Rauða krossins á Vestfjörðum og hafa veitt hreyfingunni þriggja milljóna króna styrk. Styrkurinn verður nýttur við stórt verkefni sem sex Rauða kross deildir á Vestfjörðum hafa tekið sig saman um að vinna að, en það tekur mið af nýrri stefnu Rauða kross Íslands til 2010 sem ber yfirskriftina „Byggjum betra samfélag“.

„Markmiðið er að vinna markvisst að útbreiðslu skyndihjálpar allt frá leikskólaaldri til aldraðra og viðhalda og þróa neyðarvarnarskipulag í takt við mismunandi þarfir fólks og breytingar í samfélaginu, meðal annars með tilliti til fólks af erlendum uppruna. Hlutverk Rauða krossins í neyðarvörnum verður einnig kynnt meðal almennings, stofnana og fyrirtækja. Til þess að geta sinnt þessu verkefni hafa deildirnar fengið Sparisjóð Bolungarvíkur og Sparisjóð Vestfirðinga til að vera bakhjarl næstu þrjú árin,“ sagði Bryndís Friðgeirsdóttir, svæðisfulltrúi Rauða Krossins á Vestfjörðum við afhendingu styrksins.

Allar Rauða kross deildir félagsins mynda neyðarvarnanet Rauða kross Íslands. Þannig sinnir fjöldinn allur af fjöldahjálparstjórum og stuðningsfólki mikilvægum verkefnum í þágu almannavarna í landinu. Skyndihjálp er eitt af meginverkefnum hreyfingarinnar innanlands en fólk er þá þjálfað í að vita í hvaða tilfellum nauðsynlegt er að hringja í 112 og öðlist grunnfærni í að sinna neyðartilfellum.

Leiðarljós stefnunnar er að bregðast við neyð, jafnt innanlands sem utan og veita aðstoð sem gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Félagið stendur einnig vörð um mannréttindi, heilbrigði og virðingu einstaklinga. Eitt af markmiðum stefnunnar er að efla neyðarvarnir og neyðaraðstoð vegna áfalla og hamfara og í því skyni ætla deildirnar að efla starf sitt og samvinnu í tengslum við neyðarvarnir, skyndihjálp og sálrænan stuðning.

Rauði krossinn er elsta, virtasta og útbreiddasta mannúðarhreyfing í heimi, með starfsemi í 185 löndum. Rauði kross Íslands var stofnaður 10. desember 1924 fyrir tilstuðlan fyrsta forseta Íslands, Sveinn Björnsson, sem var fyrsti formaður hreyfingarinnar. Síðan þá hefur forseti Íslands verið verndari Rauða kross Íslands.

– thelma@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

BDSM borgin Reykjavík

Nýr meirihluti hefur tekið við stjórn Reykjavíkur, BDSM flokkurinn, sem á ekkert skylt við venjulega merkingu þessarar skammstöfunar. Um er að ræða upphafsstafi forystumanna nýja meirihlutans. Björns Inga, Dags Bergþórusonar, Svandísar og Margrétar, sem ekki tilheyrir flokknum sem hún bauð sig fram fyrir. En stóra spurningin er hvort tekið verði á málefnum Orkuveitunnar, Reykjavík Energy Invest og samningnum við Geysir Greed Eneregy. Ásgeir Margeirsson forstjóri GGE segir alla samninga frágengna og ekki verði aftur snúið.

Hverjum á að treysta? Björn Ingi hefur orðið uppvís að því að vilja keyra samninginn áfram og viðhalda gildi hans. Þó hefur hann orðið að gefa eftir og kemur ekki nálægt rannsókn mála fyrir opnum tjöldum. Það mun Óskar Bergsson varamaður í borgarstjórn gera. Enn vaknar athyglin á þeirri sérstöku staðreynd að því minna sem kjörfylgi Framsóknarflokksins er, því valdameiri verður hann, þótt vonandi komist hann ekki í þá stöðu að hafa meirihluta þingmanna með minnihluta kjörfylgis, eins og gerðist á þriðja áratug síðustu aldar.

En hverju skiptir kjörfylgið, ef honum tekst að fá alla flokka til samstarfs við sig á sama kjörtímabilinu eins og reyndin er með borgarstjórnina í Reykjavík? Hin stóra spuringin er þessi: Hvernig ætlar Svandís Svavarsdóttir að standa við stóru orðin sem urðu fyrri meirihluta að falli og greiddu BDSM meirihlutanum greiðan veg í Ráðhúsið, án nokkurra loforða um eitt eða neitt annað en að skoða málefni Orkuveitunnar? Afar forvitnilegt verður að sjá hverja efndir þess verða. Fari sem horfir, að ekkert breytist er hætt við að trúverðugleiki Vinstri grænna hverfi út í veður og vind.

Ekki verður því trúað að óreyndu að fylgismenn Svandísar sætti sig við að samningarnir, sem urðu Vilhjálmi og sjálfstæðismönnum að falli, gangi þrautalaust eftir, þótt forystumaður Geysir Green Energy fullyrði að svo verði. Til hvers var þá barist? Skipta heitir valdastólarnir þá meiru en fögur stefnuloforð um að ekki skuli veita einkafyrirtækjum sjálfdæmi um nýtingu orkulindanna, sem eru og verða munu einhver stærsta auðlind Íslands. Hér er tekist á um grundvöll þess hvernig á að nýta auðlindir. Vinstri menn hafa talið þær eiga að vera í þjóðareign. Svo er ekki um meintan framtíðarleiðtoga Framsóknarflokksins. Sjálfstæðismenn spyrntu við fótum. Nú er fjöreggið í fórum Vinstri grænna. Er BDSM borgarstjórnin kannski réttnefni gagnvart kjósendum?

Konur og menn auka þjónustuna

Verslunin Konur og Menn á Ísafirði hefur aukið vöruúrvalið í kjölfar þess að undirfata- og snyrtivöruverslunin Silfurtorgið hætti starfsemi í sumar. Samhliða því hefur verið fríkkað upp á útlit verslunarinnar en vaskar hendur unnu að breytingum á versluninni. „Það er gott að vera í stórri ætt en við fengum fjölskyldu og vini til að hjálpa okkur og þetta tók aðeins nokkra daga. Breytingarnar eru í sjálfu sér ekki svo miklar þar sem við notum sömu húsgögnin og voru áður, en við erum búin að mála og breyta til“, segir Bryndís Jónsdóttir, annar eigandi verslunarinnar.

Sala á hautferðum fer rólega af stað

Sala á haustferðum fer rólega af stað í ár að sögn Kristínar Karlsdóttur hjá ISO-ferðum á Ísafirði. „Salan á haustferðunum fer frekar rólega af stað en það er mest bókað til Barcelona og Prag, en það er auðvitað alltaf eitthvað fólk á faraldsfæti. Það er fullbókað í eina ferð, til Heidelberg í Þýskalandi.“ Kristín segir jólaferðirnar alltaf jafn vinsælar, en mörg þúsund Íslendingar fara erlendis um jólin og á það jafnt við um Vestfirðinga sem aðra. „Jólaferðirnar eru meira bókaðar núna hjá okkur, mjög mikið af fólki er að fara til Kanaríeyja.“

Jón Jónsson menningarfulltrúi Vestfjarða.

„Þurfum að bæta hrósið“

„Það þarf að bæta hrósið, mér finnst mega vera meira um það í vestfirskri menningu og samfélagi. Það er ekkert verið að hrósa fólki sem gerir eitthvað vel, heldur er fólk miklu uppteknara af því að tala um það sem misfórst. Þetta þurfum við Vestfirðingar að laga. Það eru fullt af leiðum til að bæta þetta, verðlaun, viðurkenningar eða bara hvað sem er. Það er margar menningastofnanir sem eru að standa fyrir atburðum sem að þyrftu að standa sig betur í markaðssetningunni. Það þarf meiri samvinnu eða þjálfun þegar að það kemur að þessu. Það þarf líka að fylgja atburðum betur eftir til að undirbúa áframhaldandi starfsemi,“ sagði Jón Jónsson, menningarfulltrúi Vestfjarða í erindi sem hann hélt á málþingi um atvinnumál sem haldið var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag.

Jón sagði einnig að líta þyrfti á Vestfirði sem eina heild, menn mættu ekki einangra sig, hver á sínum stað. „Það er mikilvægt að menn einangri sig ekki við sinn stað eða bæ, starfi betur saman sem heild og líti á Vestfirði sem eitt svæði. Við hjá menningarráði ætlum að koma upp sameiginlegu menningaratburðardagatali á vefsíðunni okkar. Reyna að nota vefsíðuna sem fréttaveitu inn á aðra fjölmiðla og þá getur fólk sótt alls konar upplýsingar og fróðleik þangað inn.“

Jónínurnar og Þursarnir sigruðu í róðrarkeppni MÍ

Jónínurnar og Þursarnir sigruðu í árvissri róðrarkeppni Menntaskólans á Ísafirði sem fór fram í síðustu viku, en þar takast á kennarar, nemendur og foreldrar. Það var djúpt tekið í árinni og líflegt um að litast á Pollinum þegar keppnin fór fram sjöunda árið í röð. Veðrið hefði þó mátt vera betra til keppni þar sem haustkuldinn var mættur í öllu sínu veldi og þurfti bátur björgunarsveitarmenn að brjóta ísinn í orðins fyllstu merkingu áður en keppnin gat farið fram.

Í kvennariðli sigruðu Jónínurnar, lið kvenkennara eins og áður sagði með tímann 2:11:46. Í öðru sæti voru Svísurnar en Strandgæslan kom hálfri mínútu á eftir þeim í mark. Í karlariðli sigruðu Þursarnir á tímanum 1:40:79, því næst kom Beikon Buddies, svo Mímir, lið karlkennara og Pabbarnir, lið foreldra ráku lestina.

Róðrarkeppni Menntaskólans á Ísafirði hefur verið fastur liður í félagslífi skólans frá haustinu 2001. Fyrsta árið keppti eingöngu kvennalið kennara, en síðan hafa kennarar jafnan keppt í bæði karla- og kvennaflokki. Foreldrar hófu þátttöku fyrir fjórum árum. *thelma@bb.is*



Róðrarkeppni MÍ fór fram á Pollinum.

Óska eftir styrk til að ráða forstöðumann Melrakkasetursins

Melrakkasetur Íslands ehf. hefur óskað eftir fjögurra milljóna króna styrk frá fjárlaganefnd Alþings til að hægt verði að ráða háskólamenntaðan sérfræðing í stöðu forstöðumanns setursins sem verður staðsett í Eyrardalsbænum í Súðavík. Súðavíkurhreppur hefur átt þátt í undirbúningi og stofnun Melrakkasetursins og er jafnframt stærsti hluthafi fyrirtækisins Melrakkasetur Íslands ehf. sem stofnað var á opnum fundi í Súðavík þann 15. september.

Framlag sveitarfélagsins til setursins er fyrst og fremst fólgið í því að bjóða húsnæðið í Eyrardal til afnota fyrir Melrakkasetrið og starfsemi þess. Auk þess mun skrifstofa Súðavíkurhrepps sjá um almennt skrifstofuhald fyrir Melrakkasetrið og útvega aðstöðu fyrir forstöðumann þess og fræðimenn sem það heimsækja.

„Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein á svæðinu og hefur gistirýmum fjölgað ár frá ári. Fleiri ferðamenn og lengri dvalartími kalla á aukið úrval afþreyingar og ýmis verkefni hafa tekist vel, t.d. sjóstangveiðiverkefnið Fjord Fishing, en nýlega var starfsemi þess útvíkkuð þegar Sumarbyggð hf. í Súðavík sameinaðist Tálknabyggð ehf á Tálknafirði og Próton ehf. Miklar væntingar eru bundnar við það aðdráttarafl sem Melrakkasetrið mun hafa fyrir Súðavík og nágrannasveitarfélögin. Með tilkomu þess verður hægt að bjóða ferðamönnum á svæðinu upp á enn fleiri afþreyingarmöguleika en nú er. Sem dæmi um tiltrú á fyrirtækið hafa nágrannasveitarfélögin Ísafjörður og Bolungarvík ásamt ferðaþjónustuaðilum á svæðinu þegar sýnt verkefninu mikinn áhuga og tryggt sér hlut í stofnfé Melrakkaseturs Íslands ehf. Náttúrustofa Vestfjarða og Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands hafa lýst yfir áhuga á samstarfi við Melrakkasetrið í rannsóknum á málefnum íslenska refsins, verði ráðinn háskólamenntaður sérfræðingur við setrið.

Verði eins vel og faglega að uppsetningu og starfsemi setursins staðið og gert er ráð fyrir í áætlunum, mun framlag Súðavíkurhrepps tvímælalaust skila sér í aukinni umferð til bæjarins og lengri dvöl ferðamanna sem kallar á aukna þjónustu og verslun við ferðaþjónustuaðila á staðnum. Aukin eftirspurn þjónustu kallar á aukin störf og auknar tekjur til sveitarfélagsins og nágrenni þess. Súðavíkurhreppur styður því heilshugar við að ráðinn verði forstöðumaður við Melrakkasetur Íslands, sem hafi framhaldsmenntun á háskólastigi í sviði dýravistfræði“, segir í bréfi Melrakkasetursins til fjárlaganefndar.

– thelma@bb.is

„Öflugri mótvægisaðgerð er vart að finna“

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hefur sent ráðherrunum Össuri Skarphéðinssyni, Árna M. Mathiesen og Einari K. Guðfinnssyni, erindi þar sem hann óskar eftir stuðningi ráðherranna við Sjávarþorpið á Suðureyri. Í bréfi Halldórs kemur fram að markmið verkefnisins sé að fjölga störfum og nýja hugmyndina jafnvel í fleiri byggðalögum Ísafjarðarbæjar. Í þeim tilgangi standi til að ráða verkefnastjóra að Sjávarþorpinu Suðureyri. Í bréfi Halldórs kemur einnig fram að nauðsynlegt sé að sýna almenningi fram á að mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar virki.

„Þar sem miklir fjármunir hafa verið ákveðnir í mótvægisaðgerðir og það er nauðsynlegt að sýna almenningi fram á að þær virki fyrir einstaklinga er mikilvægt að mati undirritaðs að stjórnvöld styðji við þessar hugmyndir um að Sjávarþorpið Suðureyri taki að sér verkefni og búi þar með til 15 ný störf og tryggi eða viðhaldi að auki allt að 50 störfum. Öflugri mótvægisaðgerð er vart að finna.

Þrátt fyrir góðan vilja stjórnvalda og stofnana sem meðal annars má sjá á því að Sjávarþorpið Suðureyri fékk jákvætt svar frá Impru um stuðning að upphæð 300.000 krónur vegna annarra verkefna þá eru þeir fjármunir langt frá því að vera nægjanlegir ef verkefnið á að vera alvöru mótvægisaðgerð. Vert er að geta þess að Sjávarþorpið fékk viðurkenningu frá Samtökum ferðaþjónustunnar og verðlaun frá Útflutningsráði Íslands fyrir bestu markaðsáætlunina,“ segir í bréfi bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar til ráðherranna þriggja.

– gunnaratli@bb.is

Harma orðalag í bréfi til bæjarstjórnar

Nefnd sem skipuð var af Ísafjarðarbæ til að fara yfir innsendar tillögur um byggðamerki fyrir bæjarfélagið, vill koma eftirfarandi á framfæri og leiðrétta mögulegan misskilning vegna fréttar um niðurstöðu nefndarinnar í BB:

„Þær tillögur sem bárust inn í samkeppnina voru margar hverjar áhugaverðar og hugmyndaríkar, vel unnar og ljóst að mikið var lagt í við gerð þeirra. Niðurstaða nefndarinnar var sú að engin innsendra tillagna hentaði því hlutverki sem nefndin lagði upp með, en Ísafjarðarbæ var bent á fjórar tillögur sem þóttu áhugaverðastar, þrátt fyrir að þær teldust heldur ekki henta á grundvelli þeirra krafna sem nefndin hafði að leiðarljósi. Nefndin harmar að hafa notað það orðalag í bréfi til bæjarstjórnar sem getið er um í frétt BB, þar sem það var til þess fallið að valda misskilningi.

F.h. nefndar um byggðamerki Ísafjarðarbæjar, Kristín Völundardóttir, formaður.“

„Mig hefur alltaf langað að vera í einkageiranum og þegar að þetta tækifæri með beituverksmiðjuna í Súðavík kom til þá ákvað ég að taka því enda mjög spennandi verkefni. Það fór sem fór, en maður lærir bara af því. Síðar á árinu byrjaði ég hjá Löggiltum Endurskoðendum, það er eitthvað sem mig hefur langað að prófa. Það er alveg frábært að vinna með svona jöxlum eins og Guðmundi Kjartanssyni og Halldóri Margeirssyni. Þeir hafa áratuga reynslu og maður lærir óhemju mikið af því að vinna með þeim, þar hef ég góða lærimeistara.“

Þurfum að bæta grunng til að gera atvinnulífið

Neil Shiran Þórisson starfar í dag sem viðskiptafræðingur hjá Löggiltum endurskoðendum á Ísafirði. Hann hefur komið víða við undanfarin ár, starfaði sem framkvæmdastjóri hjá beituverksmiðjunni í Súðavík, vann hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og sem fjármálastjóri hjá G7 hf. Ofan á þetta allt stofnaði Shiran ásamt fleiri góðum mönnum veitingastaðinn Fernandos sem er staðsettur í miðbæ Ísafjarðar. Það var því í mörg horn að líta þegar að blaðamaður settist niður með Shiran á Fernandos yfir kaffibolla.

– Nú ert þú fæddur í Sri Lanka, hefur þú eitthvað hugsað þér að heimsækja landið bráðlega?

„Það að tengdafaðir minn, Gunni Þórðar, skuli vera að vinna þar núna er alveg ótrúlega skemmtileg tilviljun. Maður les bloggið hans daglega og þar af leiðandi vaknar mikil þrá í að heimsækja landið. Ég kemst nú ekki út á þessu ári en stefni á að fara á næsta ári.“

Stefnir á frekara nám

– Þú ert menntaður viðskiptafræðingur, hefur þú hug á að mennta þig eitthvað frekar?

„Já, ég útskrifaðist sem viðskiptafræðingur úr Háskólanum í Reykjavík árið 2002. Ég og fjölskyldan erum að skoða þessa dagana hvaða leið maður getur farið í því. Það er mikill vöxtur í viðskiptagreinunum og það er alveg ljóst að þeir sem eru einungis með B.S eru minna samkeppnishæfir heldur en þeir voru fyrir nokkrum árum. Ég stend á þannig krossgötum að ég þarf að hugsa hvort maður leggi fyrir sig endurskoðunina, fjármálin eða alþjóðleg viðskipti. Það þarf að velja sér ákveðna sérhæfingu.“

Góður tími hjá At-Vest

– Þú starfaðir áður hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Hvernig líst þér á þróun atvinnumála á Vestfjörðum?

„Tíminn sem ég var hjá Atvinnuþróunarfélaginu var mjög góður tími. Þar lærði ég mikið um innviði atvinnulífs Vestfjarða og fékk strax að heyra frá skjólstæðingum og viðskiptavinum hver stærstu vandamál svæðisins væru. Ég starfaði þar meðal annars sem framkvæmdastjóri Vaxtarsamnings Vestfjarða og að fleiri fjölbreyttum verkefnum. Vaxtarsamningurinn er spennandi verkefni en það þyrfti í sjálfu sér að hafa það átak lengra og með meiri fjármuni. Atvinnuþróunarumhverfið virðist alltaf þurfa að kljást við fjármagnsskort til athafna og þar af leiðandi fer mikill tími hjá starfsmönnum í það að réttlæta tilvist sína.

Á þessum tíma kynntist ég fólki í atvinnulífinu hér og maður sá það með eigin augum við hvað það er að kljást til að halda þokkalegum rekstri á svæðinu. Í þessi viðskiptaheimi þar sem aukin samkeppni er á öllum sviðum er ljóst að þetta svæði verður að vera í stakk búið að bjóða upp á þá grunngerð sem gerir það kleift að vera samkeppnishæft innanlands og alþjóðlega. Það er margt sem er búið að vera slæmt fyrir svæðið undanfarin ár sérstaklega í sjávarútveginum, gengissveiflur, samgöngur, kvótaniðurskurður o.s.frv. Það hefur leitt til þeirra lokana fyrirtækja sem við höfum þurft að kljást við. Þetta orsakast meðal annars af því að á meðan fyrirtækin hafa verið að reyna ná jafnvægi í rekstri þá hafa þau á sama tíma ekki haft nægilegt fjármagn í að leggja í rannsóknir og þróun og þar af leiðandi hafa fyrirtækið getað vaxið síður.

Sem betur fer virðist ástandið ekki vera það slæmt að fólk þori ekki í rekstur. Það eru menn að koma sem þora að gera eitthvað og það er auðvitað hið besta mál. En af því að þetta er búið að vera svo neikvætt hérna á svæðinu þá er fólk síður tilbúið til að fara út í einhverjar framkvæmdir og prófa fyrir sér í rekstri.“

– Er neikvæðnin kannski stórt hluti af vandamálum Vestfjarða?

„Mitt mat á ástandinu er að þessar hörmungar sem hafa verið í atvinnulífinu hér vestra hafa leitt til þess að fólk verður bara neikvæðara og neikvæðara. Einnig virðist vera lítil samstaða um hluti þegar á hólminn er komið og orka manna virðist fara í ýmsar áttir og oft verður ekkert úr heilmikilli vinnu. Samstöðuleysið og sveiflur í atvinnulífinu leiðir til þess að frumkvöðlar og athafnamenn verða áhættufælnir og vilja síður framkvæma og fjárfesta í eigin rekstri eða óskráðum rekstri. Ef fjárfestar eiga fjármuni í dag, setja þeir peningana sína í verðbréfasjóði, fara að braska með hlutabréf eða veðja á gengissveiflur í erlendri mynt og svo framvegis. Enda er þetta ekkert óeðlilegt þegar horft er á þá ávöxtun sem hægt hefur verið að ná á skömmum tíma. Gengissveiflurnar sem hafa verið undanfarna mánuði hafa eflaust verið frábærar fyrir þá sem hafa „veðjað“ rétt, annað hvort með eða á móti krónunni eða öðrum gjaldeyri á réttum tíma, svo nýta fjárfestar sér þessa háu vexti hérlendis og reyna að græða á vaxtamun innlendra vaxta og erlendra lána.

Þessir fjárfestar virðast vilja taka þá áhættu að veðja á réttar sveiflur í staðinn fyrir að fara út áþreifanlegan atvinnurekstur. Enda vinna við að fylgjast með gengissveiflu í tölvu almennt talið mikið þægilegri, þá þarf ekki að hugsa um starfsmannahald og allt sem fylgir fyrirtækjarekstri. En það væri gaman að rannsaka streituna og lífernið já þessum mönnum, margir sjálfsagt orðnir háðari tölvunum en eiginkonunum. Ætli streitan og „vesenið“ sem fylgir atvinnurekstri jafnist ekki út að lokum við þá sem eru sífellt í braski á fjármálamörkuðum . Það sem stendur eftir að fyrirtækjareksturinn, sérstaklega á landsbyggðinni nær ekki skila því sem viðskipti á fjármálamörkuðum skila. Þeir sem eru í yfirtökum í útrássinni í dag eru margir hverjir að fjárfesta í svo stórum stíl og í svo stórum verkefnum að arðsemin er svo mikil að verkefni á landsbyggðinni fá enga athygli. Út frá þessu verður að hrósa þeim sem nenna að standa í atvinnurekstri og athafnastarfsemi á landsbyggðinni.“

Skortur á fjármagni

– Hverjar telur þú vera ástæðu þess að fyrirtæki eru að loka og mörg hver að hverfa úr bænum?

„Stærsta vandamálið er að fyrirtækjum skortir fjárhagslegt bolmagn til þess að standa í frekari útrás, rannsóknum og þróun. Þetta er í raun skortur á áhættufjármagni þar sem fjárfestar eru að leita annað með sitt fé. Þetta má leysa með því að hafa öflugan áhættufjárfestingasjóð sem getur tekið á því. Það er til sjóður sem heitir Hvetjandi, en hann er ekki það sterkur að hann geti leyft sér að taka þátt af neinu viti í fjárfestingum. Það fé sem hann hefur til umráða bliknar í samanburði við það sem fjárfestingasjóðir eru að vinna með í dag. Þegar verið var að selja hlutafé í Póls til Marel og þeir fóru úr bænum, hefði verið miklu nær ef forsvarsmenn Póls hefðu haft aðgang að einhverjum sterkari sjóð sem hefði hjálpað þeim. Til dæmis í frekari útrás eða rannsóknir og þróun.“

Engin grunngerð – ekkert atvinnulíf

– Hvað með grunngerðina, telur þú hana vera nógu góða á Vestfjörðum?

„Sú grunngerð sem er hér á Vestfjörðum er ekki það góð að það sæmi jafn ríkri þjóð og við erum. Við erum að berjast við að fá bættar samgöngur til Reykjavíkur og innan svæðisins á sama tíma og virðist vera svigrúm innan fjárlaga í alls kyns önnur verkefni sem skipta hugsanlega máli en ekki eins miklu máli og að bæta grunngerðina. Með grunngerðinni verður líka að horfa á alla þá þætti sem ríkið hefur tekið að sér að sjá um fyrir samfélagið. Ef að grunngerðin og t.d. samgöngur milli svæða innan fjórðungsins og út fyrir fjórðunginn eru ekki góð þá er alveg öruggt að atvinnulífið kemur ekki til með að vera sterkt. Ég vil meina að ríkið skuldi það, að gera eitthvað fyrir svæðið í formi þess að efla atvinnulífið með verulega fjárhagslegri innspýtingu til dæmis í formi áhættufjárfestingasjóðs í staðinn fyrir að vera með eitthvað hálfkák, einhverjar flýtiaðgerðir á vegum sem eru sjálfsagðar.“

– Hver er þín draumsýn á Vestfjörðum? Hvað vilt þú að verði gert til að bæta atvinnulífið?

„Ég myndi vilja sjá ríkið í samstarfi við fjársterka einkaaðila setja upp fjárfestingasjóð sem hafi umtalsvert fjármagn til umráða, til dæmis tvo milljarða. Tilgangur sjóðsins væri einungis að kaupa hlutafé í fyrirtækjum eða viðskiptahugmyndir til að staðsetja á Vestfjörðum. Allt gert með því markmiði að taka aðeins þátt í fyrirtækjum sem eru í nýsköpun eða útflutning. Vaxtarbroddurinn hlýtur að vera í því að fjárfesta í fyrirtækjum sem er með eitthvað nýtt og eitthvað sem hægt er að flytja út. Hvort sem að það eru nýjungar í sjávarútveginum eða nýjungar í tæknigeiranum, það skiptir í sjálfu sér engu máli. Það er frumskilyrði fyrir vöxtinn hérna á svæðinu að það komi eitthvað sem að byggir ekki á því að selja Vestfirðingum einhverja vöru eða þjónustu, enda sá markaður of lítill. Þessi sjóður ætti að einbeita sér að því að fjárfesta í fyrirækjum sem uppfylla þessi skilyrði. Það getur vel verið að þetta verði til í framtíðinni, en þörfin er núna.

Ef maður hugsar til dæmis um fyrirtæki eins og Microsoft þá eru þeir alltaf að eyða óhemju fé í rannsóknir og þróun. Þeir ákveða á hverju ári hvað þeir ætla að nota mikið af veltunni og síðan rannsaka þeir og þróa nýja hluti. Fyrirtæki hér fyrir vestan hafa ekki getað leyft sér þetta. Aðstæðurnar hér eru bara þannig að það eru alltaf allir að berjast við veika grunngerð til að halda sinni tilvist hér. Það grefur undan því að fólk vilji standa í nýsköpun og þróun hér á svæðinu, því það hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til þess. Það eru til margar dæmisögur um hvernig eitthvað stórt getur orðið af litlu og gott íslenskt dæmi er Bakkavör. Það fyrirtæki byrjaði smátt með því að setja hrogn í dósir en hélt áfram að þróa sig og hefur ekki hætt. Ef að einhverjir einstaklingar geta gert svona mikið úr svo litlu, þá getum við það.

Fjárfestingasjóðurinn ætti því meðal annars að fara í skipulagðar ferðir erlendis á kaupstefnur og vörukynningar og skima þá sem eru í nýsköpun og finna hverja er hægt að kaupa á réttum tíma og þá verður að vera hægt að bjóða bæði stóra fjárfestingu og góða grunngerð. Tölfræðin segir sitt, það er talað um að 80% af öllum nýstofnuðum nýsköpunar fyrirtækjum fari á hausinn. Það má bara ekki gera of miklar væntingar. Fjárfestingastefnan sem svona sjóður á að byggja á er að setja ekki allt féð í áhættufjárfestingar og vera með dreift eignasafn. 50% í öruggar fjárfestingar sem skili nánast tryggri ávöxtun. Hin 50% má nota í áhættufjárfestingar strax í upphafi og gera kröfu um að þau 20% verkefna sem skili árangri vegi upp á móti hugsanlegu tapi.

Miðað við tvo milljarða þá væri hugsanlega hægt að horfa til þess að tryggar fjárfestingar skili um 100-150 mkr á ári í reksturinn og endurfjárfestingar og áhættufjárfestingarnar skili svo einhverri viðbót við það. Þetta gæti verið grunnur að því að hafa sjóðinn sjálfbæran með verulega fjárfestingagetu á hverju ári. Hugsanlega myndu skatttekjurnar fyrir ríkissjóð til langs tíma einnig geta greitt upp framkvæmdina við að koma

„Stærsta vandamálið er að fyrirtækjum skortir fjárhagslegt bolmagn til þess að standa í frekari útrás, rannsóknum og þróun. Þetta er í raun skortur á áhættufjármagni þar sem fjárfestar eru að leita annað með sitt fé. Þetta má leysa með því að hafa öflugan áhættufjárfestingasjóð sem getur tekið á því. Það er til sjóður sem heitir Hvetjandi, en hann er ekki það sterkur að hann geti leyft sér að taka þátt af neinu viti í fjárfestingum.“

ngerðina fið sterkt

svona sjóð á laggirnar. Það væri í sjálfu sér líka áhugavert að skoða þann útreikning út af fyrir sig og hafa til viðmiðunar arðsemisútreikninga við virkjanir t.d. á Austurlandi.“

Beituverksmiðja gæti umbyllt allri tækni við línuveiðar

– Nú starfaðir þú sem framkvæmdastjóri beituverksmiðjunnar sem var í Súðavík, hvernig var að starfa þar?

„Beituverksmiðjan er ein besta nýsköpunarhugmynd sem hefur komið fram í sjávarútvegi í langan tíma. Framleiðsla á beitu sem gæti umbylt tækni við línuveiðar í dag. Það sem gekk ekki upp þar var skortur á áhættufjármagni. Þegar að ég hætti hjá Atvinnuþróunarfélaginu þá var ég búinn að vinna í þessu verkefni í nokkurn tíma innan AtVest. Þetta fannst mér alveg ótrúlega spennandi verkefni. Það voru að koma fyrirspurnir frá Noregi, Rússlandi, Afríku, Suður-Ameríku og allt leit vel út og markaðurinn virtist vera til staðar. Beitan hægt og rólega að sanna sig, sérstaklega ákveðin tegund sem fiskað vel í Noregi og einni hér heima fyrir. Þeir aðilar sem að komu að þessu verkefni, eins og Súðavíkurhreppur og aðrir fjárfestar, eiga hrós skilið fyrir að hafa tekið þátt í þessu verkefni. En fjármagnið sem kom inn í þetta þá dugði ekki til.

Erfiðleikar voru í upphafi míns starfstíma við flutninginn á tækjabúnaði verksmiðjunnar og annað gekk hægt og erfiðlega og afköst og framleiðslugeta voru skert í of langan tíma Þetta var erfitt fyrir fjárfestana og ég verð að viðurkenna að ég fylltist svartsýni yfir þessu og sá tækifærin renna úr greipum okkar. Hefði Beituverksmiðjan haft frá upphafi aðgang að sjóð sem væri reiðubúinn í áhættufjárfestingar og hefði ákvörðunarvald sem væri innan svæðisins þá tel ég góðar líkur á því að þetta hefði gengið mun betur. Nú heyrir maður að það eru erlendir aðilar að spá í þessari framleiðslu og tækni og það væri alveg skelfilegt áfall fyrir íslenska fjárfesta og Vestfirði að missa þessa hugmynd úr fjórðungnum. Lykillinn að þessu öllu er að hafa fjármagn hér innan svæðisins til þess að geta farið í svona verkefni.“

– Hefði frekari opinber stuðningur getað bjargað þessu verkefni ?

„Það eina sem maður hefði getað óskað meira eftir í opinberum stuðningi var þátttaka Nýsköpunarsjóðs þar sem hægt var að sækja fjármagn í, en sá sjóður vær einnig að kljást við það að hafa ekki fjármuni ásamt því að hagsmunir þeirra var ekki endilega að hugsa um uppbyggingu ákveðinna landssvæða heldur að réttlæta tilvist sína. Byggðastofnun tók þátt í þessu verkefni en þetta var bara á það slæmum tíma fyrir stofnunina að hún gat ekki lagt meira inn í þetta verkefni.“

Óhemju mikil reynsla

– Í dag starfar þú sem viðskiptafræðingur hjá Löggiltum endurskoðendum, hvernig kanntu við þig þar?

„Árið 2006 var mikið umróta ár hjá mér. Mig hefur alltaf langað að vera í einkageiranum og þegar að þetta tækifæri með beituverksmiðjuna í Súðavík kom til þá ákvað ég að taka því enda mjög spennandi verkefni. Það fór sem fór, en maður lærir bara af því. Síðar á árinu byrjaði ég hjá Löggiltum endurskoðendum, það er eitthvað sem mig hefur langað að vita hvort ætti við mig.

Það er alveg frábært að vinna með svona jöxlum eins og Guðmundi Kjartanssyni og Halldóri Margeirssyni. Þeir hafa áratuga reynslu og maður lærir óhemju mikið af því að vinna með þeim, þar hef ég góða lærimeistara. Mig langar að halda áfram að vinna á þessari braut og sjá hvernig þetta á við mig. En hugsanlega langar manni í framtíðinni að fara út í fjármálaheiminn eða þróunarstörf enda hef ég brennandi áhuga á því umhverfi, og í hvoru tveggja felast gríðarleg tækifæri. En maður er á krossgötum, að reyna að átta sig almennilega á því hvað maður vill gera í framtíðinni.“

Gott að búa á Ísafirði

– Hvernig leggst framtíðin í þig, sérðu það fyrir þér að búa á Ísafirði í framtíðinni?

„Fyrir ungan viðskiptafræðimenntaðan mann þá er alveg ljóst að tækifærin eru í Reykjavík, allt á blússandi siglingu og mikil útrás. Mig langar að prófa að fara suður eða erlendis og sjá hvernig maður finnur sig þar. En eins og staðan er í dag þá er auðvitað alveg rosalega gott að vera hérna. Og í sjálfu sér er umhverfið þannig að það er hægt að koma miklu meira í verk en t.d. ef ég væri búsettur í Reykjavík. Miklir kostir við það að búa hér, sérstaklega þegar að maður er búinn að stofna heimili og er komin með barn. En að sama skapi verður maður að átta sig á því hverju maður er að leitast eftir og finna gott jafnvægi fyrir vinnu og fjölskyldu.“

– gunnaratli@bb.is

Hlöðutónleikar í Heimabæ

Trúbadorarnir Mysterious Marta og Svavar Knútur ætla að halda hlöðutónleika í Heimabæ í Arnardal kl. 17:30 á laugardag. „Það er frítt inn og ekkert aldurstakmark og hugmyndin er að þetta séu tónleikar fyrir alla. Það verður bara svona „kósý stemmning“ og við viljum endilega að fólk komi með börnin sín en á staðnum verða leikföng fyrir til að leika sér með í möl. Við viljum þó hvetja fólk til að koma vel klætt og taka jafnvel með sér teppi til að hjúfra sig undir“, segir Mysterious Marta. Nemendur í 10. bekk Grunnskólans á Ísafirði verða með kakó- og vöfflusölu. Sætaferðir verða farnar frá Landsbankaplaninu á Ísafirði frá kl. 16.

Ólína snýr aftur á skjáinn

Ólína Þorvarðardóttir, þjóðfræðingur á Ísafirði, hefur hafið störf á sjónvarpsstöðinni INN og stýrir þar sínum eigin þætti. Þátturinn heitir „Mér finnst“ og verður sendur út á föstudögum kl. 21 í vetur á rás 20. „Þetta eru umræðuþættir þar sem ég fæ til mín reyndar og skemmtilegar konur með sterkar skoðanir til þess að rökræða við mig um hvaðeina sem þeim (og mér) brennur á hjarta,“, segir á bloggsíðu Ólínu.

Afmælisdagabók með vísum Guðmundar Inga gefin út

Guðmundur Ingi Kristjánsson, skáld og bóndi frá Kirkjubóli.

Afmælisdagabók við vísur Guðmundar Inga Kristjánssonar, skálds, bónda og kennara á Kirkjubóli í Bjarnardal Önundarfirði verður gefin út í nóvember í tilefni af því að liðin eru 100 ár frá fæðingu hans. Guðmundur Ingi orti ljóð við hvern dag ársins og samdi hann þau langflest á árunum 1927-1932. Ljóðin eru öll handskrifuð eftir skáldið og er því haldið í útgáfunni og auk þess bætt inn myndum frá Kirkjubóli frá þessum tíma. Eiginkona Inga, Þuríður Gísladóttir, saumaði fallega kápu utan um bókina, verður útlit hennar einnig látið halda sér.

Stuttan formála ritar Valdimar Gíslason Mýrum í Dýrafirði, mágur Guðmundar Inga. Línur eru við hvern dag þar sem fólk getur ritað nöfn sín. Til hliðar eru ljóðin einnig prentuð svo auðveldara er til lestrar og myndirnar sem teknar eru af Sigríði Guðmundsdóttir ljósmyndara eru mannlífsmyndir af fólki við leik og störf í sveit á fyrri hluta síðustu aldar.

Guðmundur Ingi fæddist á Kirkjubóli og ól allan sinn aldur í Önundarfirði og lést haustið 2002. Guðmundur Ingi kom víða við á sinni löngu ævi og hafði áhrif á samtíð sína bæði í félags- og menningarmálum. Fyrstu ljóðabókina gaf hann út árið 1938 og vakti þá strax athygli og hlaut fljótt viðurkenningu sem gott ljóðskáld.

Í tilefni aldarafmælisins hefur ýmislegt verið gert á árinu til að minnast skáldsins meðal annars var hátíð í Holti á afmælisdegi hans 15.janúar og hagyrðinga og söngskemmtun á Flateyri 1. apríl. Ljóðasafn hans var endurútgefið fyrr á árinu en það hafði verið ófáanlegt um langt skeið.

Stefnt er að því að bókin komi út 18. nóvember en þann dag mun Vestfjarðaakademían standa fyrir dagskrá í Holti um vestfirsk skáld í minningu Guðmundar Inga. Útgefandi er Holt- friðarsetur, Ingastofa en í útgáfunefnd eru þau Sigríður Magnúsdóttir Kirkjubóli, Ásvaldur Magnússon Tröð og Halla Signý Kristjánsdóttir. Bæði afmælisdagabókin og ljóðasafnið mun fást í öllum bókabúðum Pennanns en einnig hjá útgáfunefnd sem tekur á móti pöntunum í síma 896-3834. *– thelma@bb.is*

Haraldur Júlíusson, fulltrúi Björgunarfélags Ísafjarðar tók við gjöfinni úr hendi Reynis Traustasonar ritstjóra.

Myndarleg peningagjöf í minningu heiðurshjóna

Feðgarnir Loftur Magnússon og Hreinn Loftsson hafa afhent Björgunarfélagi Ísafjarðar 1,5 milljónir króna í minningu Magnúsar Friðrikssonar og Jónu Pétursdóttur frá Ísafirði, fyrir frábært og óeigingjarnt starf.

„Vestfirðir og Ísafjörður sérstaklega eru okkur feðgum hjartfólgnir. Annar okkar, Loftur er fæddur 1925 og alinn upp á Ísafirði en fluttist ungur maður til Vestmannaeyja þar sem Hreinn er fæddur 1956. Báðir höfum við því verið í nálægð við hafið. Óeigingjarnt starf hjálparsamtaka og öryggisveita, oftast í sjálfboðavinnu, er ómetanlegt fyrir íbúa allra sjávarbyggða í landinu. Þetta þekkir Loftur af biturri reynslu. Föstudaginn 12. mars 1926 var vélbáturinn Eir frá Ísafirði talinn af, en leit hafði þá staðið yfir í nokkra daga. Með bátnum fórust 12 menn, flestir fjölskyldufeður. Einn þeirra var Magnús Friðriksson, skipstjóri, sem þá var aðeins 27 að aldri“, segir í greinargerð sem fylgdi peningagjöfinni sem afhent var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á föstudag.

„Morgunblaðið segir svo frá að báturinn hafi farið í róður laugardaginn 6. mars frá Reykjavík (báturinn var gerður út frá höfuðstaðnum á þeirri vertíð), en á sunnudeginum 7. mars hafi gert hið versta veður, rok og stórbrim. Þann dag er talið að síðast hafi sést til bátsins. Ríkisstjórnin fór þess á leit við Björgunarfélag Vestmannaeyja að björgunarskipið Þór yrði sendur út til að leita bátsins og var það gert. Leitað var á landi, beggja megin Stafnessins. Daginn áður en greint var frá því að í Morgunblaðinu að Eir væri talinn af, var önnur frétt í sama blaði frá Ísafirði. Þar var greint frá því að kviknað hefði í húsinu að Aðalstræti 12 um nóttina og tekist hefði að bjarga öllum út úr húsinu. Þar hefðu búið fimm fjölskyldur og þar á meðal hafi verið heimili Magnúsar Friðrikssonar, skipstjóra á Eir, sem menn væru orðnir vonlitlir um að kæmi fram.

Húsið var talið mikið ónýtt. Samkvæmt frásögn Morgunblaðsins var eiginkona Magnúsar, Jóna Pétursdóttir, stödd í Reykjavík þegar húsið brann. Þangað hefði hún farið til fundar við mann sinn. Systir hennar gætti bús og barna. Börnin voru fimm og það sjötta bar hún undir belti. Loftur var sjö mánaða gamall og bjargaðist úr eldsvoðanum heill á húfi eins og aðrir íbúar hússins.

Það voru erfiðir tímar í landinu á þessum árum og Jóna, sem þá var aðeins 27 ára gömul, neyddist til að láta börnin frá sér, en Loftur varð þeirra gæfu aðnjótandi, að fá að alast upp hjá móður sinni. Margir voru til þess að rétta þessari fjölskyldu hjálparhönd eftir efnum og aðstæðum þess tíma.

Öllum sem þekkja til ber saman um að Magnús Friðriksson hafi verið mikið mannsefni, glaðsinna, heiðvirður og duglegur. Jóna Pétursdóttir átti gott skap og sá alltaf ljósið og björtu hliðarnar í lífinu. Hún hélt lífsbaráttu sinni ótrauð áfram þrátt fyrir þetta áfall og stofnaði síðar nýja fjölskyldu með Ásgeiri Ásgeirssyni, vélstjóra, og þau eignuðust saman þrjú börn. Ásgeir var góður drengur, sem reyndist Lofti vel. Jóna lést 1973 og var þá búsett ásamt Ásgeiri í Hafnarfirði.

– thelma@bb.is

Fjölbreytt menningarhátíð um helgina

Menningarhátíðin Veturnætur hefst á Ísafirði í dag með friðargöngu frá Ísafjarðarkirkju að Silfurtorgi þar sem sungin verða vetrarljóð. Hátíðin var fyrst haldin árið 1997 og fagnar því 10 ára afmæli í ár. Veturnætur voru endurvaktar fyrir fjórum árum og hafa síðan verið fastur liður í mannlífinu á svæðinu í kringum fyrsta vetrardag. Sett hefur verið upp vefsíða fyrir hátíðina, veturnaetur.is, þar sem hægt er að nálgast dagskrá hátíðarinnar.

Hátíðin hefst eins og áður sagði í dag kl. 17:00 með friðargöngu frá Ísafjarðarkirkju að Silfurtorgi. Í kvöld kl. 20:30 verður síðan sögusöngleikurinn „Svona eru menn“ eftir þá KK (Kristján Kristjánsson) og Einar Kárason, rithöfund, fluttur í Edinborgarhúsinu. Þar segir Einar frá viðburðum úr lífshlaupi tónlistarmannsins KK sem krydddar frásögnina með lögum eftir sjálfan sig.

Á morgun kl. 17:00 opnar listakonan Hulda Hákon sýningu á verkum sínum í Edinborgarhúsinu og kl. 21:00 verður heimildarmynd um Óbeislaða fegurð sýnd í Ísafjarðarbíói. Allur ágóði af sýningunni rennur til Sólstafa. Að sýningu lokinni munu aðstandendur keppninna, þátttakendur og Hrafnhildur Gunnarsdóttir, leikstjóri myndarinnar sitja fyrir svörum.

Á laugardag verður langur laugardagur í miðbæ Ísafjarðar. Verslanir í miðbænum verða með samræmdan opnunartíma og má þar finna ýmsan varning á tilboðsverði. Allan daginn munu nemendur úr Tónlistarskóla Ísafjarðar troða upp víðsvegar um bæinn. Frá kl. 11-14 mun Pétur Guðmundsson kennari við Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar kynna myndlist og leiðbeina í Pennanum á Ísafirði. Kl. 11 hefst einnig myntsýning hjá Sparisjóði Vestfirðinga. Kl. 14 mun Elvar Logi Hannesson lesa úr verkum Jóns úr Vör í Safnahúsinu og á sama tíma munu félagar í JC Vestfirðir, verða með uppboð á Silfurtorgi. Kl. 15 verður síðan boðið upp á kökuhlaðborð á Kaffi Edinborg.

Hlöðutónleikar með Mysterious Mörtu og Svavari Knúti fara fram í hlöðunni í Heimabæ í Arnardal kl. 16:30. Frítt er inn og eru allir velkomnir. Sætaferðir verða frá Landsbankaplaninu kl. 16. Um kvöldmatarleytið hefst síðan konukvöld á veitingastaðnum Við Pollinn og kl. 20 býður Ísafjarðarbær bæjarbúum að fagna með Baldri Geirmundssyni, tónlistarmanni, sem fagnaði stórafmæli á dögunum, en hann hefur á tónlistarferli sínum lagt þungt lóð á vogar menningarlífs á svæðinu. Fjölmargir tónlistarmenn stíga á stokk og heiðra kappann í Edinborgarhúsinu.

Stærsta og flottasta flugeldasýning sem sést hefur í Skutulsfirði hefst kl. 22. Eftir það mun GG-bandið skemmta á Langa Manga og hljómsveitin Sixties í Krúsinni. Hátíðinni lýkur á sunnudag með teiknimyndasamkeppni barna og kökuhlaðborði í Edinborg.

Sýning á vestfirskum útskurðarmunum

Byggðasafn Vestfjarða opnaði á síðasta föstudag sýninguna „Skorið í tré“ í sal Listasafns Ísafjarðar í Safnahúsinu á Eyrartúni. Má þar sjá ýmsa fallega útskorna muni, rúmfjalir, prjónastokka, kistla og fleiri haglega útskorna gripi. „Útskurður var mjög útbreiddur á Vestfjörðum fyrr á öldum, og vestfirskur útskurður átti sér sín séreinkenni. Allnokkuð hefur varðveist af þessum gripum og má sjá brot þeirra á sýningunni. Sýningin er ekki heildarúttekt á vestfirskum útskurði heldur aðeins mjög lítið sýnishorn af því sem menn voru að fást við á þessum tíma“, segir í tilkynningu frá Byggðasafninu.

Stórmót í blaki á næsta ári

Öldungamót Blakfélags Íslands verður haldið á Ísafirði dagana 1.-3. maí á næsta ári en um er að ræða eitt stærsta íþróttamót sem haldið hefur verið á svæðinu. „Undirbúningur hófst strax í vor, en að sjálfsögðu verður mest að gera síðustu mánuði fyrir mót. Við búumst við 600-800 keppendum og við vitum að þegar hafa mörg lið útvegað sér gistingu“, segir Harpa Grímsdóttir, þjálfari Skellanna sem hefur umsjón með mótinu.

Sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í Súðavíkurhreppi

Sjávarútvegsráðuneytið hefur samþykkt sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í Súðavíkurhreppi. Skilyrðin fela meðal annars í sér að við úthlutun getur heildaraflamark einstakra fiskiskipa aukist meira en nemur 100% í þíg.tonnum talið, miðað við úthlutun í upphafi fiskveiðiárs 2006/2007 en ekkert fiskiskip skal hljóta meira en 80 þíg.tonn. Einnig er eigendum fiskiskipa, sem eru með fleiri en eitt fiskiskip í rekstri og fá úthlutað byggðakvóta, heimilt að færa veiðiskyldu yfir á annað fiskiskip, sé það sannanlega í eigu sama aðila. Áður en kemur til úthlutunar byggðakvóta á fiskiskip skal útgerðaraðili/vinnslustöð leggja fram gögn er sýna fram á að landaður afli, hafi sannanlega verið unninn í Súðavík.

Úthluta skal byggðakvóta á fiskiskip samkvæmt eftirfarandi reglum: a) 127 þorskígildistonnum skal úthlutað á fiskiskip hlutfallslega með tilliti til úthlutaðra aflaheimilda í upphafi fiskveiðiársins 2006/2007. b) 69 þorskígildistonnum skal úthlutað hlutfallslega með tilliti til landaðs afla í Súðavík 1. júlí 2006 til 30. júní 2007. c) 8 þorskígildistonn skulu skiptast í jafna hluti milli þeirra fiskiskipa sem fá úthlutað frá 0 til 1 þorskígildistonni samkvæmt a) og b) lið hér að framan og uppfylla önnur skilyrði samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007.

Samkvæmt auglýsingu Fiskistofu, er hægt að sækja um byggðakvóta sveitarfélagsins með því að fylla út eyðublað og senda til Fiskistofu. Umsóknarfrestur er til 2. nóvember.

Súðavík.

Svavar Þór Guðmundsson formaður BÍ og Katrín Skúladóttir, deildarstjóri SPVF, handsala samninginn í viðurvist Halldórs Eraclides, formanns meistaraflokks BÍ/Bolungarvíkur, og Guðmunds Guðjónssonar og Sigurgeirs Gíslasonar úr meistaraflokknum.

Skrifuðu undir styrktarsamning

Boltafélag Ísafjarðar og Sparisjóður Vestfirðinga skrifuðu undir nýjan styrktarsamning í síðustu viku sem er sá stærsti félagið hefur gert til þessa. Sparisjóðurinn hefur verið aðal styrktaraðili BÍ frá árinu 2001 en upphæð styrksins er trúnaðarmál.

Svavar Þór Guðmundsson, formaður BÍ sagði styrk sparisjóðsins hafa verið rekstrargrundvöllur félagsins í sex ár. Sparisjóðurinn segist vera ánægður með að fá að taka þátt í því þróttmikla íþrótta- og æskulýðsstarfi sem félagið stendur fyrir.

Flugöryggi kannað í Fljótavík á Hornströndum

Umhverfisstofnun hefur sent Ísafjarðarbæ bréf er varðar flugöryggi í Fljótavík á Hornströndum og hugsanlega lagningu flugbrautar í víkinni. Stofnunin bendir á að leita beri leyfis stofnunarinnar til framkvæmda í friðlandinu, og einnig þurfi að liggja fyrir samþykki sveitarfélags og landeigenda.

Þann 1. ágúst sendi Hörður Ingólfsson Umhverfisstofnun greinargerð þar sem bent er á lendingaaðstæður fyrir flugvélar í Fljótavík. Í greinargerðinni kemur fram að sumarið 2006 hafi verið kannað hvort graslendið meðfram Drápslæknum í Fljótavík væri nothæft sem lendingastaður með stefnu þvert á núverandi sandbraut.

Fyrr en samþykki Umhverfisstofnunar, sveitarfélags og landeiganda liggur fyrir er lögum samkvæmt ekki hægt að leyfa framkvæmdir við fyrrgreindan lendingastað í Fljótavík. *– gunnaratli@bb.is*

Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur færði Sveinbjörgu Sveinbjörnsdóttur viðurkenningarvott fyrir frábæran árangur hennar á Special Olympics.

Ólympíufara vel fagnað í Bolungarvík

Vel var tekið á móti ólympíufaranum Sveinbjörgu Sveinbjörnsdóttur í Bolungarvík er hún sneri heim frá alþjóðaleikum Special Olympics sem haldnir voru í Shanghai í Kína dagana 2.-10. október. Bæjarstjórn Bolungarvík hélt hóf til heiðurs Sveinbjörgu í Einarshúsi þar sem Grímur Atlason veitti henni viðurkenningu fyrir frábæran árangur en hún hlaut bæði gull og brons á leikunum.

Sveinbjörg keppti í boccia og varð í þriðja sæti í einstaklingskeppni, í fimmta sæti í tvímenning og loks sigraði hún og félagar hennar í liðakeppni. Special Olympics sem er einn stærsti íþróttaviðburður ársins eru leikar fatlaðra og seinfærra einstaklinga frá 165 löndum. Þrjátíu og tveir íþróttamenn voru fulltrúar Íslands á leikunum en þeir kepptu í boccia, borðtennis, fimleikum, frjálsum íþróttum, golfi, keilu, lyftingum og sundi.

Special Olympics International eru samtök sem stofnuð voru af Kennedy fjölskyldunni árið 1968. Samtökin hafa vakið heimsathygli vegna markvissrar markaðssetningar og samstarfs við sérfræðinga á öllum sviðum. Þroskaheftir og seinfærir einstaklingar sem oft eru settir til hliðar í samfélögum þjóðanna, eru miðpunktur leika á vegum samtakanna. Umgjörð og skipulag er eins og um ólympíuleika sé að ræða en keppni er á jafnréttisgrundvelli og allir verða sigurvegarar. Allir eiga því jafna möguleika á að vera valdir á þessa leika á meðan aðeins þeir allra bestu komast á Paralympics í Peking árið 2008. *– thelma@bb.is*

NJÓTTU netsins!
SPRONnet
Nýr hagstæður debetreikningur á netinu
YFIRDRÁTTARVEXTIR
FRÁ 17,10%
INNLÁNSVEXTIR
ALLT AÐ 13,85%
ÁRGJÖLD = 0 KR.
Nýttu þér netið
Kynntu þér málið á spron.is
75 ára
spron
SILFURnet | GULLnet | PLATINUMnet

Ísafjarðarbær niðurgreiðir íþróttaiðkun

Frá því var greint á bb.is í vikunni að foreldrafélag Grunnskólans á Ísafirði hefði sent bæjarráði Ísafjarðar bréf þar sem það minnir á málefnasamning D og B lista um frístundakort og fer þess á leit við sveitarfélagið að þau verði tekin upp. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, segir ýmis vandkvæði hafa komið upp varðandi frístundakortin, og nefnir byrjunarörðugleika í Reykjavík sem dæmi. „Ég vil benda á að Ísafjarðarbær niðurgreiðir íþróttaiðkun með ýmsum hætti þó frístundakortin séu ekki í notkun. T.d. fá íþróttafélögin frí afnot af mannvirkjum bæjarins til íþróttaiðkunar og svo greiðir bærinn tæpar 3 milljónir króna á ári til HSV sem úthlutar því til félaganna sem fjárstyrk.“

Hvítfálki sást í Arnardal

Hvítfálki sást í Arnardal í Skutulsfirði í síðustu viku en þeir ku vera sjaldgæfir gestir á Vestfjörðum. Hvítfálki er litarafbrigði fálka. Hann verpir á Grænlandi og er vetrargestur á Íslandi en þó ekki algengur. Talið er að allt að fjórðungur af Evrópustofni fálka verpi á Íslandi. Fálkar eru alfriðaðir á Íslandi. Annað nafn íslenska fálkans er Valur.

Framkvæmdir við GÍ eru á áætlun.

Framkvæmdir við viðbyggingu GÍ á áætlun

Framkvæmdir við viðbyggingu Grunnskólans á Ísafirði eru á áætlun og eru greiðslur til verktaka eru komnar upp í tæpar 182 milljónir. Vestfirskir verktakar hafa verkið með höndum sem er það stærsta sem hefur verið ráðist í á Ísafirði í mörg herrans ár. Tilboð Vestfirskra verktaka í bygginguna hljóðaði upp á 371 milljón króna er 102,7% af kostnaðaráætlun sem hljóðar upp á 361 milljón króna.

Verkinu á að vera lokið 1. júlí 2008 og eiga nemendur næsta hausts að hafa aðgang að hinu nýja skólahúsnæði. Fyrsti, annar og þriðji bekkur skólans eru nú í kennslustofum í Kaupfélagshúsinu svonefnda og aðrar þrjár kennslustofur eru á efri hæð Sundhallarinnar. Framkvæmdir hófust í fyrrasumar og þá hafði tengibygging milli gamla skólans og barnaskólans verið rifin. Nýbyggingin sem um ræðir er um 1.800m² að stærð á tveimur hæðum og á að hýsa kennslu í sérgreinum.

Saga húsnæðismála Grunnskólans á Ísafirði er löng og spannar margar bæjarstjórnir en undanfarin misseri hefur mikið verið unnið. Má þar nefna að búið er að endurgera múrhúð á gagnfræðaskóla húsinu, samkomusalurinn hefur verið tekinn í gegn og mötuneyti hefur verið komið upp og búið er að taka í gegn framhlið gamla barnaskólans.

– thelma@bb.is

Endurbætur við Salthúsið frestast

Framkvæmdum við endur-uppbyggingu á gamla Salthúsinu á Þingeyri frestast um nokkrar vikur en áætlað var að hefjast handa við næsta verkþátt í byrjun síðustu viku. „Þar sem þeir verktakar sem ætla að sjá um verkið eru ekki lausir þessa dagana þá frestast það um þrjár til fjórar vikur. Það sem áætlað er að gera í þessum áfanga er að hengja upp loft, klára viðgerðir á stokkum, gera við loftabita og smíða nýtt þakvirki. Áætlað að þetta verk taki fjórar vikur fyrir tvo menn að klára“, segir Jóhann Bæring Gunnarsson, verkefnastjóri hjá Ísafjarðarbæ.

Endurreisn hússins hófst fyrir nokkrum árum en hlé hefur verið á þeim að undanförnu og eru Þingeyringar orðnir langeygir eftir framkvæmdalokum. „Ef nægt fjármagn fæst frá Húsafriðunarnefnd ríkisins á næsta ári verður hægt að klára endurgerð hússins og koma því upp á næsta ári“, segir Jóhann Bæring.

Húsið er eitt af elstu timburhúsum landsins, talið er að það hafi verið byggt árið 1778 úr plönkum á svipaðan hátt og Tjöruhúsið og Turnhúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði, sem eru frá sama tíma eða fáeinum árum yngri.

Taldi sig ekki hafa traust til að sitja í fræðslunefnd

Kolbrún Sverrisdóttir, bæjarfulltrúi Í-listans í Ísafjarðarbæ hefur sagt sig úr fræðslunefnd bæjarins. Afsögnin kom í kjölfar bókunar Sigurðar Péturssonar, oddvita minnihlutans í bæjarstjórn, þar sem hann óskaði eftir því að óháður aðili færi yfir umsóknir um starfa skólastjóra Grunnskólans á Ísafirði þar sem „annar umsækjandi, um stöðu skólastjóra Grunnskólans á Ísafirði, er bæjarfulltrúi og hefur nýlega verið sagt upp störfum af núverandi meirihluta bæjarstjórnar“, eins og segir í bókuninni.

„Í framhaldi af bókun Sigurðar Péturssonar taldi ég mig ekki lengur eiga traust til að sitja fyrir listann í fræðslunefnd. Málið snerist um að tveir mjög hæfir umsækjendur sóttu um starfið, og þegar tveir sækja um getur aðeins einn fengið starfið, þannig er það bara“, segir Kolbrún. Hún vísar því alfarið á bug að pólitík hafi spilað inn í ákvörðun fræðslunefndar. „Farið var yfir þessar umsóknir eins og allar aðrar umsóknir og ég get ekki séð að um pólitíska ráðningu hafi verið að ræða þar sem af fimm nefndarmönnum voru tveir fulltrúar Í-listans og við vorum einhuga í nefndinni.

Í svona litlu bæjarfélagi skiptir máli að við stöndum saman og séum ekki að rífa skóinn af hvort öðru. Það skiptir engu máli hvar í pólitík við erum, maður verður að hugsa hver besta niðurstaðan er og ekki að vera á móti bara til að vera á móti. Mér finnst við ekki geta deilt á einkavinavæðingu í störfum til bæjarins ef við ætlum að taka upp sömu vinnubrögð. Ég vil að lokum óska nýjum skólastjóra velfarnaðar í starfi“, segir Kolbrún. *– thelma@bb.is*

Kolbrún Sverrisdóttir.

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA
Tryggvi Guðmundsson hdl - löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244
Guðmundur Óli Tryggvason - löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Lyngholt 2, Ísafirði
183 m² einbýlishús úr timbri með bílskúr, baðherbergi endurnýjað, fjögur svefnherbergi, nýr sólpallur.
21.500.000,-

Árholt 5, Ísafirði
Steinsteypt einbýlishús með tvöf. bílskúr, samtals 197 m², 4 svefnherb., nýtt þak og baðherb. endurnýjað.
22.900.000,-

Ólafstún 3, Flateyri
Mikið endurnýjað 199 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr. Fjögur svefnherb.
15.500.000,-

Fjarðarstræti 38, Ísafirði
72 m² mikið endurnýjuð þriggja herbergja íbúð á 2.hæð í fjölbýlishúsi.
8.300.000,-

Seljalandsvegur 56, Ísafirði
196 m² steinsteypt einb.hús á tveimur hæðum með bílgeymslu. Nýtt baðherb. gler og gluggar endurnýjaðir.
22.900.000,-

Túngata 18, Ísafirði
53,4 m² tveggja herbergja íbúð á 1.hæð í fjölbýlishúsi, ný eldhúsinnrétting.
6.500.000,-

Stakkanes 6, Ísafirði
144,2 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt 29,6 m² bílskúr. Þrjú svefherb. sólstofa og glæsilegur sólpallur.
19.500.000,-

Fjarðarstræti 27a, Ísafirði
233 m² nýlegt parhús á tveimur hæðum með kjallara og bílskúr, 4 herbergi. Húsið var byggt árið 2000.
27.500.000,-

Sætún 7, Suðureyri
131 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð ásamt 43 m² bílskúr, samtals 174 m² að stærð. Fallegur garður.
10.000.000,-

Höfðastígur 20, Bolungarvík
Fjögurra herbergja íbúð á neðri hæði tvíbýli ásamt bílskúr, samtals 145 m², íbúðin er mikið uppgerð og húsið nýlega klætt að utan
8.500.000,-

Leigjendur og leigusalar athugið! Nú er hægt að auglýsa eignir til leigu eða óska eftir eignum til leigu á vef okkar

Tveir vestfirskir sýslumenn í stjórn

Tveir vestfirskir sýslumenn voru kosnir í stjórn Sýslumannafélags Íslands á aðalfundi þess fyrir stuttu. Þeir eru þau Jónas Guðmundsson sýslumaður í Bolungarvík og Kristín Völundardóttir sýslumaður á Ísafirði. Hlutverk Sýslumannafélags Íslands er að efla samhug og greiða fyrir samvinnu félagsmanna, vera ráðgefandi gagnvart ríkisstjórn og Alþingi um nýmæli í löggjöf, sem vænta má að snerti verksvið félagsmanna eða þegar óskað er eftir áliti félagsins. Að stuðla að samræmi í lagaframkvæmd og allri embættisfærslu félagsmannam, að annast fyrirsvar fyrir félagsmenn í kaup- og kjaramálum og að vera á verði um að vegur og kjör embætta þeirra, er félagsmenn skipa, sé í samræmi við mikilvægi þeirra og þá ábyrgð, sem þeim fylgir, og vera í því sambandi einstökum félagsmönnum til fulltingis.

Mörg ár tekur að þróa fiskeldi

Fiskeldi getur nýst afar vel við að byggja upp hagkvæma grein í íslenskum sjávarútvegi, að sögn Einars K. Guðfinnssonar, sjávarútvegsráðherra. Hann lét þessi orð falla á opnum fundi á Ísafirði á vegum Matís (Matvælarannsókna Íslands). Ráðherra bætti því við að starfsemin væri ekki síst hagkvæm við firði á landsbyggðinni þar sem nægilegt rými er til staðar. Fiskur er alinn víða á Vestfjörðum og er Hraðfrystihúsið Gunnvör í Hnífsdal einna afkastamest í eldinu. Fiskeldi hefur aukist mikið undanfarin ár og nú þegar þorskkvóti hefur verið skorinn niður má gera ráð fyrir að allt kapp verði lagt á að auka það enn frekar.

Matís hefur lagt mikla áherslu á eldisrannsóknir og þróun í eldi fyrir þorsk, bleikju og lúðu. Starfsstöð fyrirtækisins á Vestfjörðum hefur meðal annars rannsakað leiðir til þess að tryggja að eldisþorskur nái sláturstærð á sem skemmstum tíma. Notuð eru sérhönnuð ljós fyrir sjókvíeldi sem koma í veg fyrir að þorskurinn upplifi skammdegið, en þegar sumri fer að halla og sól lækkar á lofti fer þorskurinn að þroska með sér kynkirtla. Hann verður svo kynþroska að vori og hrygnir frá febrúar til maí.

Sjöfn Sigurgísladóttir forstjóri Matís, sem einnig flutti erindi um fiskeldi á fundinum á Ísafirði, segir að með því að hraða þróun í fiskeldi hér á landi sé mögulegt að margfalda framleiðslugetu fyrir greinina, skapa aukin atvinnutækifæri víða um land og útvega gott hráefni fyrir kröfuharða markaði.

„Það er því ljóst að fiskeldi getur nýst afar vel við að byggja upp hagkvæma grein í íslenskum sjávarútvegi, ekki síst við firði á landsbyggðinni þar sem nægilegt rými er til staðar.“

– Spurð um hversu stórt fiskeldi sé hér á landi segir Sjöfn að það sé ekki mjög stórt.

„Ef við miðum við tölur frá árinu 2006 þá framleiddu Íslendingar um 10.000 tonn af eldisfiski. En síðan þá hefur laxeldi snarminnkað þannig að í raun og veru er fiskeldi í dag ekki nema hátt í 3.000 tonn á ári.“ Sjöfn segir að þær tegundir sem séu aldar í kvíum séu aðallega þorskur, bleikja og einnig sandhverfa, regnbogi og lúða. „Það er vöxtur í fiskeldi, en hann er ekki nærri því eins mikill og hjá Norðmönnum og við getum sennilega lært mikið af þeim. Norðmenn framleiða hátt í 600.000 tonn af laxi á ári. Til samanburðar má nefna að þorskkvóti Íslendinga á yfirstandandi fiskveiðiári er 130.000 tonn. Þess vegna er eldislaxinn er mjög stór þáttur í sjávarútvegi Norðmanna. Þá er þorskeldið í mikilli sókn hjá þeim. Þessi árangur Norðmanna hefur ekki gerst á einni nóttu því það hefur tekið þá mörg ár að þróa arðbært eldi.“

–Er ekki mikilvægt að efla fiskeldi á Íslandi í ljósi niðurskurðar þorskkvóta?

„Að mínu mati er þetta tækifæri sem við megum ekki láta fram hjá okkur fara. Ég hef trú á því að fiskeldi muni skipta miklu máli í framtíðinni og eldisfiskurinn mun verða miklu meira ríkjandi á borðum fólks. Við getum kannski ekki aukið fiskinn í sjónum svo glatt, en með eldi er hægt að auka magn fisks til vinnslu hér á landi. “

Sjöfn segist á þeirri skoðun að Íslendingar þurfi að leggja aukna áherslu á fiskeldi. „Það er nú þegar til staðar mikil þekking til á vinnslu, meðhöndlun á fiskinum og markaðsmálum í tengslum við eldi. Þarna liggja tækifærin að mínu mati.“

–Heldur þú að fiskeldi og rannsóknir því tengdu geti skipt sköpum fyrir Vestfirðinga?

„Já, ég er viss um það. Á Vestfjörðum hefur Hraðfrystihúsið Gunnvör leitt þorskeldi á svæðinu og mér sýnist að samvinnu við aðrar einingar innanlands og erlendis.“

Mikið sóknarfæri að vera um allt land

– Hjá Matís á Vestfjörðum starfa nú þrír starfsmenn auk tveggja mastersnemenda. Sjöfn segir að fyrirtækið vilji ráða til sín fleiri sérfræðinga fyrir vestan. „Við stefnum síðan á að ráða fleiri og það er í vinnslu. Það tekur alltaf ákveðinn tíma þegar verið er að ráða sérfræðinga á ákveðin svið, þá er þetta oft margra ára uppbygging. Það er ekki endilega víst að fólkið sem verið er að leita að sé á lausu eða yfirleitt til. Við tengjum þetta við ákveðna starfsemi, ákveðnar rannsóknir og ákveðna sérhæfingu. Við höfum verið að einbeita okkur að eldinu fyrir vestan sem að mestu máli skiptir, auk verkefni tengdum þar sé komið gríðarlegt tækifæri fyrir þorskeldi í fjórðungnum. Þá er komin töluverð reynsla á hjarðeldi á suðurfjörðunum. Það hvíla því tækifæri á Vestfjörðum, en það er hægt að byggja upp rannsóknir í kringum það eldi sem er þegar til staðar. Við teljum að þær rannsóknir og þróun sem nú er stunduð geti stutt við þróun fiskeldis. Bæði með þeirri vinnu sem við leggjum fram hjá Matís og einnig í gæðum og vinnslu.“

–Er ánægja hjá Matís með að hafa útibú á Ísafirði?

„Við teljum það vera mikið sóknarfæri fyrir okkur að vera með starfsemi út um allt land. Vestfirðir skipta miklu máli í því samhengi því þar er auðvitað mikil fiskvinnsla og önnur matvælavinnsla. Við viljum gjarnan vera í tengslum við atvinnulífið og það er raunverulega ástæðan fyrir því að við viljum vera fyrir vestan. Þannig teljum við okkur geta unnið í nánum tengslum við atvinnulífið og byggt upp rannsóknir og þróun sem skilar atvinnulífinu einhverju.“

– Sjöfn segir að vera Matís í Þróunarsetri Vestfjarða, í nálægð við Atvinnuþróunarfélag Vestfirðinga og Háskólasetrið skipti gífurlega miklu máli.

„Ég tel starfsemina þar vera mjög góða, samvinna er á milli fyrirtækja, auk þess sem nálægðin við starfsemina gerir Matís kleift að mynda tengsl við aðra starfsemi. Þannig byggjum við grunninn fyrir Matís í heild. Þeir erfiðleikar sem há fólk á mörgum stöðum, og er þekkt vandamál, vinnast upp með því að hafa starfsfólk í tengslum við aðra starfsemi og atvinnulífið á svæðinu. Það er raunverulega hugmyndin á bak við starfsemi Matís á Ísafirði,“ segir Sjöfn Sigurgísladóttir.

– tinna@bb.is

Í byrjun desember mun Bæjarins besta gefa út sérblaðið „Á aðventunni“ þar sem verður að finna fjölbreytt efni tengt aðventu og jólum.

Á aðventunni

Þeir aðilar sem hafa hug á að auglýsa fyrir jólin er bent á að panta tímanlega rými í blaðinu.

Tilkynningar um viðburði á aðventu sem birtast eiga í atburðardagatali blaðsins þurfa að berast eigi síðar en 17. nóvember á netfangið jsimonia@simnet.is

Frekari upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560.

A4

A4 opnar verslun í
Aðalstræti 27 á Ísafirði
föstudaginn
26. október kl. 16.00.
Glæsilegt úrval af föndurvörum,
ritföngum, skrifstofuvörum
og gjafavörum.
Frábær tilboð – Léttar veitingar
Verið velkomin!

A4

– fyrsta flokks

Mannlífið

Fyrstu jólaljósin tendruð 1. desember

Tendrun jólaljósa í Ísafjarðarbæ var rædd á fundi menningarmálanefndar í síðustu viku og var nefndin sammála um að tendra jólaljósin á Ísafirði laugardaginn 1. desember. Sunnudaginn 2. desember verður kveit á jólaljósum á Suðureyri, laugardaginn 8. desember á Flateyri og sunnudaginn 9. desember á Þingeyri. Ákveðið var að nefndin hæfi þegar undirbúning og er stefnt að því að mótuð dagskrá liggi fyrir í þessari viku.

Smáauglýsingar

Til sölu eru 15" álfelgur með dekkjum. Passa undir Subaru Forrester. Uppl. í síma 869 8740.

Til sölu er stór, nýr eldhúsvaskur með grænmetishólfi og plötu. Kostar nýr kr. 26 þús. Selst á kr. 20 þús. Uppl. í síma 864 0767.

Til leigu er eibýlishús í Bolungarvík. Gæti leigst sem tvær íbúðir. Upplýsingar í síma 421 6029 og 824 2196.

Til sölu eru sex vörubíladekk, stærð: 295-80 R22,5, negld á felgum. Lítið notuð. Er undan Bens. Uppl. í síma 895 4115.

Til sölu er keramik helluborð. Uppl. í síma 894 6125.

Til sölu er notuð þvottavél og notaður kæliskápur. Uppl. í síma 868 0719 og 456 3520.

Til sölu er Benophone NMT sími. Uppl. í síma 897 6795.

Til sölu er ca. 3ja ára gamalt hornbaðkar með nuddi. Einnig sturtuskilrúm úr gleri. Uppl. í síma 456 4584.

Svört Henson treyja með blárri rönd var tekin í misgripum í íþróttahúsinu við Austurveg fyrir ca. 3-4 vikum. Hafið samband í síma 695 2222.

Félag eldri borgara. Bingó verður í Safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju 30. október kl. 14:00.

Til leigu er 4ra herb. íbúð í neðri bænum. Laus frá 1. nóv. Uppl. í síma 868 4080.

Til sölu eru fjögur nagladekk, 215 65R 16. Upplýsingar í síma 893 4546 eftir kl. 16.

Til sölu eru notuð en góð 15" nagladekk. Upplýsingar í síma 892 1694.

Til sölu er VW Transporter árg. 1996. Upplagður sendiferðabíll. Á sama stað fást barnakojur fyrir lítið. Uppl. í síma 891 6381.

Til sölu er lítið íbúarhús í Hnífsdal. Uppl. í síma 456 4745.

Til sölu er 1/6 hlutur í Blómaturninum á Ísafirði. Gott verð í boði. Áhugasamir hringi í síma 893 5199 eða 456 5199.

Par með tvö börn óskar eftir íbúð á Ísafirði til leigu frá og með 15. desember. Reglusemi heitið. Uppl. í síma 849 8699.

Ertu orðin(n) áskrifandi? Síminn er 456 4560

Spurning vikunnar

Á að leyfa sölu á bjór og léttu víni í matvöruverslunum?

Alls svöruðu 800.
Já sögðu 332 eða 42%
Nei sögðu 440 eða 55%
Alveg sama sögðu 28 eða 3%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Glímukappar í Herði takast á.

Uppgangur í glímuíþróttinni

Nýr glímuþjálfari hefur tekið til starfa hjá glímudeild Knattspyrnufélagsins Harðar á Ísafirði. Mývetningurinn Soffía Kristín Björnsdóttir flutti til Vestfjarða í ágúst og segist líða ágætlega að búa á Ísafirði. Hún flutti vestur með kærasta sínum, Ísfirðingnum Arnari Halldórssyni, en hann æfir glímu með Herði auk þess sem hann mun þjálfa fangbrögð sem heita belt wrestling og eru nokkurs konar sambland af glímu og júdó. Blaðamaður Bæjarins besta hitti Soffíu og fékk að forvitnast aðeins um starf hennar og sýn hennar á glímuna á Ísafirði.

–Starfarðu eingöngu við að þjálfa glímu?

„Ég kenni líka við grunnskólana á Flateyri og Suðureyri, íþróttir og dönsku.“

–Ertu þá menntaður kennari?

„Nei, ég er stúdent af íþróttabraut, þannig að ég er leiðbeinandi.“

–Hvernig kom það til að þú fékkst starf sem glímuþjálfari á Ísafirði?

„Ég hef verið að æfa glímu síðan ég var krakki og hef keppt mikið. Síðan var ég að þjálfa glímu á Reyðarfirði fyrir ári síðan. Hermann hringdi síðan í mig í sumar og spurði hvort mig langaði ekki að koma vestur og taka starfið að mér. Arnar er héðan og okkur fannst sniðugt að koma vestur og prufa að vera í einn vetur og sjá hvernig okkur líkaði.“

Soffía Kristín Björnsdóttir.

–Þjálfar þú alla sem æfa glímu með Herði?

„Já, við erum með sex æfingar á viku, þrjár fyrir yngri krakka og þrjár fyrir eldri. Þeir sem æfa eru alveg frá 10 ára gamlir upp í menntaskólakrakka.“

–Ert þú þá að þjálfa eldri strákana sem hafa verið í glímunni í nokkur ár?

„Já, ég er allavega að reyna það,“ segir Soffía hlæjandi, „en Hermann er aðallega að þjálfa þá, ég er meira að aðstoða.“

–Hvernig finnst þér glíman stödd hér á Ísafirði?

„Þokkalega. En það mættu vera fleiri að æfa og ég vildi sjá miklu fleiri stelpur í íþróttinni. Það vantar alveg. En annars líst mér ágætlega á starfið.“

–Eru stelpur samt ekki að sækja í sig veðrið í glímunni?

„Jú, þetta er allt að koma en það vantar samt alltaf fleiri stelpur og hlutfall stráka er miklu meira innan íþróttarinnar. Þetta er ekkert frekar strákasport en stelpusport. Maður þarf að hafa mikla tækni, vera liðugur og sterkur, en það er eitthvað sem stelpur geta verið alveg eins og strákar.“

Soffía kemur frá Skútustöðum við Mývatn, en þar í sveit er glíman í hávegum höfð. Soffía kveðst hafa verið um níu eða tíu ára gömul þegar hún byrjaði að æfa glímu.

–Voru margir krakkar á þínum aldri að glíma þegar þú byrjaðir?

„Já og við vorum nokkrar saman í þessu vinkonur þannig að við entumst frekar lengi að æfa. Við höfðum félagsskapinn og það var gaman að fara í keppnisferðir þannig að það hjálpaði til hvað við entumst.“

–Hefur þú eitthvað verið að keppa í glímu undanfarið?

„Ég keppti ekkert á síðasta ári. Ég var að ferðast í nokkra mánuði og var síðan ekki í neinu formi þegar ég kom heim, en ég ætla að reyna að keppa í vetur. Reyna að glíma eitthvað við þessa stráka hérna og koma mér í form.“

Arnar, kærasti Soffíu, mun einnig koma að þjálfun hjá

Foreldrafélag MÍ minnir á frístundakort

Foreldrafélag Grunnskólans á Ísafirði minnir á málefnasamning D og B lista um frístundakort og fer þess á leit við sveitarfélagið að þau verði tekin upp. Í bréfi sem félagið sendi bæjarráði er rætt um ætlaða niðurgreiðslu vegna tómstundaiðkana barna og unglinga í Ísafjarðarbæ með tilvísun til núverandi málefnasamnings meirihluta bæjarstjórnar, sem og með tilvísun í sama samning um gjaldfrjálsar strætisvagnaferðir milli bæjarkjarna á árinu 2007, til að nýta betur íþróttamannvirki í sveitarfélaginu. Heiðar Kristinsson, formaður foreldrafélags Grunnskólans á Ísafirði, segist ekkert allt of bjartsýnn, en málinu var vísað til íþrótta og tómstundanefndar sem lagði til að formaður nefndarinnar og framkvæmdastjóri HSV settu fram frumdrög og kostnaðaráætlun fyrir næsta fund nefndarinnar.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hvöss SV-átt með slyddu eða rigningu, en hægari og bjart með köflum NA-lands. Hiti 3-8 stig. **Horfur á laugardag:** SV átt með skúrum eða slydduéljum, en bjartviðri NA-lands. Fremur svalt. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir norðlæga átt með éljum fyrir norðan. Kólnandi veður. **Horfur á mánudag:** Útlit fyrir norðlæga átt með éljum fyrir norðan.

Herði.

„Arnar hefur verið að æfa júdó í nokkur ár á Akureyri og hann verður að vinna aðeins með eldri strákunum. Hann verður í því að kenna þeim júdó þar sem strákarnir í Herði keppa líka í erlendum fangbrögðum og þá er júdó góður grunnur.“

–Hefur þú eitthvað prufað þessi erlendu fangbrögð?

„Voðalega lítið. Ég hef prufað fangbrögð sem heita backhold, en við fórum eitt sinn til Skotlands og vorum að keppa þar. En það eru mörg ár síðan og ég hef ekkert prófað þetta belt-wrestling sem strákarnir hér eru að æfa. Þegar íslenskt glímufólk fer til útlanda að keppa þá keppir það ekki í íslenskri glímu heldur öðrum svipuðum fangbrögðum. Það er samt stöðugt unnið að því að breiða út íslensku glímuna og íslensk glíma er æfð til dæmis í Hollandi, Svíþjóð og Danmörku. Það hefur verið haldið heimsmeistaramót í glímu einu sinni og verður aftur í vetur skilst mér. En á þessu heimsmeistaramóti kepptu fleiri þjóðir en Íslendingar.“

Hermann Níelsson hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf í þágu glímunnar á Ísafirði. Soffíu líst vel á starf Hermanns og segir honum hafa tekist vel upp að rifja upp þessa gömlu íþrótt fyrir Vestfirðingum.

Glímuíþróttinni hefur sannarlega vaxið fiskur um hrygg síðustu misserin á Ísafirði. Líkt og um allt Ísland var glíma stunduð í hverri sveit á Vestfjörðum fyrir áratugum síðan og þegar ungmennafélögin komu til sögunnar var glíman þar yfirleitt efst á dagskrá. Vinsældir íþróttarinnar döluðu þó með árunum og það var ekki fyrr en árið 2003 sem áhugi kviknaði aftur á þessari fornu íþrótt. Það er Hermann Níelsson, íþróttakennari við Menntaskólann á Ísafirði sem hefur staðið að uppbyggingu glímustarfs innan íþróttafélagsins Harðar, en hann hefur sagt frá því að upphafið megi rekja til unglingalandsmóts Ungmennafélags Íslands sem haldið var á Ísafirði 2003. Fyrir mótið hafi Brynjólfur Rúnarsson, sem æfði frjálsíþróttir, komið að máli við Hermann og sagt honum frá því að afi sinn hefði verið glímukóngur í Ísafjarðardjúpi. Brynjólf langaði að verða glímukóngur eins og afi og spurði Hermann hvort hann gæti ekki kennt honum nokkur brögð. Brynjólfur náði öðru sæti í sínum flokki á mótinu þrátt fyrir að hafa aðeins æft í stuttan tíma og í framhaldinu

Stígur Berg Sophusson með Vestfjarðabeltið.

vatt starfið upp á sig. Sumarið eftir voru þeir tveir sem æfðu fyrir landsmót undir handleiðslu Hermanns og í byrjun árs 2005 hófust reglulegar glímuæfingar á Ísafirði.

Fyrst um sinn var æft undir merkjum Héraðssambands Vestfirðinga en síðar var glímudeildin innan Knattspyrnufélagsins Harðar á Ísafirði endurvakin. Haustið 2005 hófust glímuæfingar fyrir 10-12 ára börn og sá Hermann um þjálfun með aðstoð eldri piltanna sem æfðu með Herði. Hermann sá að mestu leyti um að þjálfa, en reglulega komu þó stórlaxar innan glímuheimsins vestur á firði til að skerpa á kunnáttu þeirra lengra komnu.

Veturinn 2005 var keppt um Vestfjarðabeltið, fornan verðlaunagrip vestfirskra glímukappa, og var það í fyrsta skipti í áratugi sem keppt var um beltið. Beltið, sem er ægifögur silfursmíð Helga Sigurðssonar gullsmiðs á Ísafirði, var á sínum tíma gert að beiðni fjögurra íþróttafélaga, Ungmennafélags Bolungarvíkur, Þróttar í Hnífsdal, Stefnis á Suðureyri og Ungmennafélagsins Árvakurs á Ísafirði. Fyrst var keppt um beltið árið 1912 og voru keppnir um það til ársins 1933, þó ekki reglulega. Keppt var árin 1912, ´13 og ´14 og sigraði Geir Jón Jónsson, kennari á Ísafirði, fyrstu tvö árin. 10 manns tóku þátt í keppninni árið 1914 og var hún svo hörð að meira en helmingur keppenda var orðinn meira og minna lemstraður þegar líða tók á keppnina. Því var henni frestað. Í úttekt blaðsins Vesturlands um Vestfjarðabeltið frá 1968 segir að áhorfendur hafi mótmælt frestuninni kröftuglega, með háreysti og stympingum, og heimtuðu að ekki yrði hætt fyrr en yfir lyki, slíkt var kappið. Framkvæmdanefnd og dómarar höfðu þó sitt fram og keppni var hætt. Næst var keppt um beltið eftir fyrri heimsstyrjöldina eða 1922. Þá sigraði Marinó J. Norðkvist frá Bolungarvík. Enn varð hlé á keppni og var keppt næst um beltið 1928 og vann Marinó þá keppni með yfirburðum. Sjötta keppnin var haldin 1933, þá sigraði Gísli Kristjánsson úr Ungmennafélagi Bolungarvíkur. Keppnin um beltið var síðan ekki endurvakin fyrr en fyrir tveimur árum síðan, rúmum 70 árum seinna. Í fyrstu keppni þessarar aldar um Vestfjarðabeltið sigraði Stígur Berg Sophusson og varði hann titillinn sem glímukóngur Vestfjarða á síðasta ári. Stígur er því einn þriggja sem hafa unnið beltið oftar en einu sinni og sjöundi beltishafinn.

Stígur er úr hópi þeirra pilta sem byrjuðu fyrstir að æfa glímu og hafa þeir margir sýnt meistaratakta þrátt fyrir að hafa ekki byrjað að æfa fyrr en á unglingsaldri. Harðarpiltar hafa unnið í sínum flokki í Sveitaglímu Íslands og verið í sigurliði á alþjóðlega Icelandair open mótinu, auk þess sem þeir voru ofarlega á nýjasta styrkleikalista Glímusambands Íslands. Var Stígur þar efstur Harðarmanna, í áttunda sæti. Þá voru tveir Harðverjar, þeir Brynjólfur Örn Rúnarsson og Magni Þór Annýjarson, valdir í unglingalandslið Íslands í glímu fyrir keppni í heimsmeistaramótinu í belt-wrestling sem fer fram í Addis Ababa í Eþíópíu um miðjan desember.

Glíman hefur þannig skipað sér í sess með íþróttum sem teljast hefðbundnari á Ísafirði í dag eins og fótbolta, körfubolta og skíðagöngu, og hafa glímukappar til dæmis tækifæri á að vera á afreksbraut Menntaskólans á Ísafirði. Brautin veitir þeim nemendum sem leggja stund á íþróttir tækifæri til að ná hámarksárangri í sinni grein og er þeim meðal annars gert kleift að hafa þrjár æfingar á viku innan stundaskrár skólans.

Í takt við auknar vinsældir glímunnar á Vestfjörðum hefur glímudeild Harðar smátt og smátt verið að festa sig í sessi innan glímuheimsins. Til marks um það er að Íslandsmeistaramótið í glímu verður haldið á Ísafirði snemma á næsta ári þar sem glímt verður í karla- og kvennaflokki, auk unglingaflokki beggja kynja. Þessa sömu helgi verður svokölluð úrvalsliðsæfing haldin fyrir 15 til 20 ára glímuiðkendur og má búast við 60 glímuunglingum til Ísafjarðar í tengslum við æfinguna. Á sama tíma mun Glímusambandið þinga í bænum, en það verður í fyrsta sinn sem þingið verður haldið utan Reykjavíkur. Ísafjörður verður því sannkallaður glímubær á meðan á þessum viðburðum stendur.

Sælkeri vikunnar er Edda Björk Magnúsdóttir í Dýrafirði

Binnukæfa og kanilkaka

Sælkeri vikunnar býður upp á Binnukæfu og skúffuköku. Edda Björk segir að kindakæfan sé í miklu uppáhaldi hjá mörgum og alveg ótrúlega góð. Skúffukakan hefur fylgt fjölskyldunni í mörg ár og er alltaf mjög vinsæl, hún er upprunalega þýdd upp úr dönsku blaði og heitir kanilkaka.

Binnukæfa

2 ½ - 3 kg soðin slög gott er að setja súpukjöt til helminga svo kæfan verði ekki of feit.
5 góðir laukar
2 tsk köd og grillkrydd
2 msk season all.
2 msk salt
1 tsk pipar
2 tekönnur soð
3 súputeningar uxa

Sjóðið kjötið þar til að það dettur af beinunum. Það hreinsað, haft vel heitt og hakkað með lauknum. Síðan er öllu skellt saman í hrærivél. En látið teningana leysast upp í soðinu áður en það er sett út í. Hrærið þetta mjög vel saman og hellið svo í mót. Best finnst mér að nota lítil einnota jólakökuform skipta kæfunni í þau. Dugar í sirka fimm form. Látið storkna. Gott er geyma í frysti og taka eftir hendinni.

Alveg ótrúlega góð skúffukaka

500 g sykur
600 g hveiti
3 msk kanil
3 tsk natron
7 ½ dl súrmjólk
175 g brætt smjörlíki

Hrærið allt saman og setjið í mót og bakið í 20 mín á 200°.

Glassúr

175 g brætt smjörlíki
350 g flórsykur
3 msk kakó
1 egg stífþeytt

Hrærið allt saman og setjið yfir heita kökuna. Hún er mjög góð ný en geymist vel í 3-4 daga (ef hún geymist þá). Mjög gott er að borða hana með þeyttum íslenskum rjóma. Verði ykkur að góðu.

Ég skora á vin minn Sigurð Arnfjörð á Ísafirði að koma með næstu uppskriftir.

Þrjú tilboð bárust í síðari áfanga GSM-farsímaþjónustu

Þrjú tilboð bárust í síðari áfanga GSM-farsímaþjónustu á landinu en tilboðin voru opnuð í síðustu viku. Tvö eru frá innlendum fyrirtækjum og eitt frá svissnesku fyrirtæki. Tilboðin voru öll undir kostnaðaráætlun Fjarskiptasjóðs sem hljóðaði upp á 732 milljónir króna. Síðari áfangi GSM-farsímaþjónustunnar snýst um að koma upp og reka farsímaþjónustu á völdum svæðum á landinu, einkum á Vestfjörðum og Norðausturlandi en einnig víða á Snæfellsnesi, Austfjörðum og Suðurstrandarvegi.

Síminn hf. bauð 655 milljónir kr. miðað við 12 mánaða verktíma, Og fjarskipti ehf. buðu 487 milljónir kr. m.v. 22 mánaða verktíma og Amitelo bauð 468 milljónir kr. m.v. 12 mánaða verktíma. Útboðið gerði ráð fyrir að ljúka skuli verkinu á 22 mánuðum en bjóðendum voru gefin stig fyrir að ljúka því fyrr. Verða tilboðin metin út frá heildarhagkvæmni en ekki einvörðungu fjárhæð tilboðs eins og fram kemur í útboðsgögnun.

– gunnaratli@bb.is

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

BÍLAVERIÐ ehf
(Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar)
Dekkjaþjónusta
Tímapantanir á heimasíðu
Sími: 456 3501 www.bilaverid.is

Erlendum ríkisborgurum fjölgar

Alls flutti 481 erlendur ríkisborgari til Vestfjarða á árunum 2002-2006. Á sama tíma fluttu 172 frá svæðinu, sem þýðir fjölgun upp á 309 einstaklinga. Athygli vekur að á sama tíma hefur íslenskum ríkisborgurum fækkað á Vestfjörðum eða 186 brottfluttir á móti 179 aðfluttum. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Elsa Arnarsdóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningarsetursins, segir þessar tölur ekki koma á óvart og að þróunin muni halda áfram ef að atvinnutækifærin verða til staðar.

„Þessar tölur koma mér ekki á óvart. Ef atvinnutækifærin verða áfram til staðar, held ég að þessi þróun muni halda áfram.“ Elsa segir að ekki þurfi að hafa áhyggjur af þessari þróun, nema að því leyti að betur verði að gera við erlenda ríkisborgara.

„Þegar að erlent fólk flytur til Vestfjarða þá verðum við að sjá til þess að það fari ekki í burtu og flytji eitthvað annað. Sjá til þess að börnin taki þátt í tómstundastarfinu og að þessu fólki líði almennt vel. Það er mjög mikilvægt fyrir bæjarfélagið,“ segir Elsa Arnarsdóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningarsetursins.

– gunnaratli@bb.is

Þau voru ekki auðveld skrefin sem Elva Jóhannsdóttir þurfti að taka til að koma sjálfri sér í hlýju og öryggi á meðan eiginmaður hennar, Barði Önundarson, barðist fyrir lífi sínu í sjónum.

„Allir brugðust rétt við aðstæðum“

„Þetta er eitthvað sem maður vonar að maður þurfi ekki að ganga í gegnum aftur“, segir Elva Jóhannsdóttir, ein fimm-menninganna sem varð urðu fyrir mikilli lífsreynslu er opnum báti sem þau voru á hvolfdi á Fremra-Selvatni í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi á laugardag með þeim afleiðingum að þau féllu öll útbyrðis. „Það var ekkert að veðri, smá gjóla bara, en svo kom skyndilega alda. Annars náði maður ekki að átta sig á þessu þar sem þetta gerðist svo snöggt. Það var ekki kalt í veðri, um 8 stiga hiti um daginn, en þegar maður lenti í vatninu var það mjög kalt“, segir Elva.

Auk Elvu voru um borð eiginmaður hennar, Barði Önundarson, Hrafnhildur Sörensen, Auður Yngvadóttur og Guðrún Karlsdóttir. Konurnar komust fljótlega í land af sjálfsdáðum nema Elva sem flækti fótinn í reipi úr bátnum. „Það tók smá tíma að losa mig. Ég var alveg hissa á hversu róleg ég var, fyrst panikkar maður en svo sér maður að það þýðir ekkert. Við vorum öll í björgunarvestum og allar ólar og allt rétt fest. Maður þarf ekki að spyrja að leikslokum ef maður hefði ekki verið í vesti.“

Rauninni var ekki lokið eftir að konurnar komust í land því Barða hafði rekið í burtu og barðist fyrir lífi sínu í vatninu. „Þau voru ekki auðveld skrefin sem ég þurfti að taka í burtu, horfandi á hann svamlandi þarna úti, en ég varð að koma mér í hita í bústaðnum og eiginmenn hinna kvennanna voru á leiðinni út til hans“, segir Elva. „Þeir stóðu sig alveg vel og hlúðu að honum þegar hann var kominn í land. Þeir afklæddu sig og skiptu um föt á honum. Allir brugðust hárrétt við aðstæðunum og það er það sem stendur upp úr.

Ég vil koma á framfæri þökkum til allra björgunarmannanna og ekki síst vina okkar sem voru á staðnum,“ segir Elva Jóhannsdóttir, eiginkona Barða Önundarsonar, í samtali við blaðið.

– thelma@bb.is

Stærsta steypuverkefnið á Vestfjörðum

Brúardekkið á nýrri brú í Reykjafirði í Ísafjarðardjúpi var steypt á föstudag. Í dekkið fóru um 365 rúmmetrar af steypu. „Ég veit ekki betur en þetta sé stærsta steypuverkefnið á Vestfjörðum sem gert er í einu lagi“, segir Sveinn Ingi Guðbjartsson, húsasmíðameistari og einn eigenda Vestfirskra verktaka ehf., á Ísafirði. Að sögn Sveins Inga tók það 16-20 menn um það bil sólarhring að klára verkið.

Eins og greint hefur verið frá eru ísfirsku fyrirtækin KNH og Vestfirskir verktakar að vinna að gerð nýs vegar sem liggur frá norðanverðum Mjóafirði, yfir fjörðinn um Hrútey, út fjörðinn að sunnanverðu, yfir Vatnsfjörð og Reykjafjörð, og inn Ísafjörð að Hestakleif. Auk vegagerðarinnar er innifalið í verkinu að smíða þrjár brýr, þá stærstu í Mjóafirði sem yrði 130 metra löng stálbogabrú en hinar eru 60 metra brú í Reykjafirði og 10 metra brú við Vatnsfjarðarós. Brúin á Mjóafirði er í smíðum í Kína og væntanleg um áramótin.

Að sögn Sveins hafa framkvæmdir gengið þokkalega. „Það hefur verið fremur leiðinlegt veður sem hefur tafið framkvæmdirnar en að öðru leiti hefur þetta gengið þokkalega.“ *– thelma@bb.is*

Dekkið í brúna yfir Reykjafjörð var steypt á föstudag. Ljósm: Ágúst Atlason.